



FRÉTTABLAÐIÐ

Afstaða til komu erlends flóttafólks harðnar verulega

Samkvæmt nýrri könnun telja nú fleiri að Ísland veiti of mörgum flóttamönnum hæli en of fáum. Afstaða kvenna og landsbyggðarfólks hefur harðnað meira en karla og höfuðborgarbúa.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚTLENDINGAMÁL 33 prósent svaraenda í nýrri könnun Prósents telja Ísland veita of mörgum flóttamönnum hæli. Fyrir tæpu hálfu ári var hlutfallið 22,5 prósent. Að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem telja Ísland taka við of fáum lækkað úr 40,4 prósentum í 31.

Þrátt fyrir þessa miklu sveiflu er nokkurn veginn sama hlutfall svaraenda sem er sátt við stefnu stjórnvalda, það er telja að Ísland veiti hæfilega mörgum hæli hér á landi. Hlutfallið er 36 prósent en var 37,1 í júní þegar Prósent gerði sams konar könnun.


Kjösendur Miðflokksins skera sig úr þegar kemur að harðri afstöðu til flóttamanna. 77 prósent þeirra telja Ísland taka við of mörgum en aðeins 2 prósent of fáum. Þar á eftir koma kjósendur Flokks fólksins, en 58 prósent þeirra telja of mörgum flóttamönnum veitt hæli.

48 prósent Sjálfstæðismanna telja nú Ísland taka við of mörgum en 9 prósent of fáum. Þetta er umtalsvert harðari afstaða en í júní þegar 34 prósent Sjálfstæðismanna töldu Ísland taka við of mörgum en 19 prósent of fáum.

Afstaðan hefur harðnað meira hjá Framsóknarmönnum. Í júní töldu 20 prósent þeirra Ísland taka við of mörgum flóttamönnum en 22 prósent of fáum. Nú er hlutfallið 41 og 13 prósent.

Harðnandi afstaða sést einnig hjá öðrum flokkum. 24 prósent kjósenda Viðreisnar telja Ísland veita of mörgum hæli, 15 prósent Samfylkingarfólks, 13 prósent Pírata, 12 prósent Vinstri grænna og 11 prósent Sósíalista. Afstaðan hjá þessum kjósendahópum er hins vegar enn jákvæðari í garð komu flóttafólks, mest hjá Pírötum en 59

Afstaða til þess fjölda sem Ísland veitir hæli




48 prósent Sjálfstæðismanna og 41 prósent Framsóknarmanna telja Ísland veita of mörgum flóttamönnum hæli.

prósent þeirra telja Ísland veita of fáum hæli.

Ekki er mikill munur á afstöðu kynjanna, en afstaða kvenna hefur þó harðnað meira en karla. Öfugt við í júní eru nú fleiri konur sem telja Ísland veita of mörgum hæli, það er 34 prósent á móti 32 prósentum karla. Konur eru reyndar enn í meirihluta þeirra sem telja of fáum hleypt inn í landið en fleiri karlar telja fjöldann hæfilegan.

Þegar litið er til aldurshópa hefur afstaðan harðnað mest hjá 45 til 54 ára. 38 prósent þeirra telja Ísland taka við of mörgum en hlutfallið var 20 prósent í júní. Afstaðan hefur einnig harðnað meira á landsbyggðinni, úr 29 prósentum í 43.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 14. til 17. nóvember. Úrtakið var 2.600 og svarhlutfallið 51,3 prósent. ■



Framkvæmdir standa við Hallgrímskirkju og er ekki ólíklegt að þessi verkamaður rati inn í fjölskyldubúum ferðamanna á Íslandi enda kirkjan einn helsti áfangastaður þeirra sem koma til landsins. Ljóst er að starfið er ekki fyrir lofthrédda þar sem kirkjan er með hæstu mannvirkjum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sportlegur og alrafmagnaður 🏎️
**Škoda Enyaq
Coupé RS iV.**

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/skodasalur



ŠKODA



Frá vettvangi slyssins síðastliðinn föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lýsa eftir vitnum

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu auglýsti í gær eftir vitnum að umferðarslysi sem átti sér stað fyrir helgi. Vegfarandi var fluttur alvarlega slasaður á slysa-deild.



Atvikið átti sér stað á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar.

Í tilkynningu lögreglunnar var sérstaklega kallað eftir því að einstaklingur sem keyrði samhliða bílnum myndi gefa sig fram. Umræddur einstaklingur var á hvítum bíl og telur lögreglan að hann hafi verið af gerðinni Volkswagen. ■

Ævintýri fullt af töfrum



Klassíski listdanskólinn hélt í gær generalprufu í Borgarleikhúsinu á Hnotubrjótnum en skólinn og Óskandi hafa tekið höndum saman og sett upp sína eigin útgáfu af þessu klassíska jólaverki. Hnotubrjóturinn, ævintýri sem flestir þekkja og er fullt af töfrum og skemmtun, verður sýndur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Búið að handtaka hátt í þrjátíu manns

kristinnpall@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Alls eru þrjátíu starfsmenn lögreglu að störfum við rannsókn á hnifstunguárás sem átti sér stað í miðbæ Reykjavíkur fyrir helgi. Margeir Sveinsson aðstoðaryfirlögrelubjónn segir málið eitt af þeim stærstu sem lögreglan hefur tekist á við og að Fangelsismálastofnun sé komin að þölmörkum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var lögreglan enn á höttunum eftir síðustu einstaklingunum sem eru grunaðir um aðild að málinu og var búið að handtaka hátt í þrjátíu manns.

Þetta kom fram í viðtali við Margeir sem birtist á Hringbraut í gær þar sem hann sagði lögregluna vera komna með nokkuð skýra mynd af atburðarsíni.

„Við höfum verið að benda á þetta í gegnum tíðina. Hnífaárásur hefur



Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögrelubjónn

fjölgað í miðbænum, þar sem hópar eða einstaklingar eru tilbúnir að beita eggvopnum. Þetta er eitt af því sem við óttuðumst mest, að þessi gengi enduðu saman með þessum hætti,” sagði Margeir og bætti við að þetta væri til marks um aukna hörku í undirheimunum.

„Harka hefur alltaf verið til staðar í undirheimunum en kannski ekki af þessari stærðargráðu sem við erum að horfa á núna,” sagði Margeir. ■

Komin frá Kanada með rúningsklippurnar á lofti

Það er skortur á ull á Íslandi og því þarf að rýja oftar en einu sinni á ári – og hjálpin berst að utan með aðstoð fólks sem elskar að rýja íslensku sauðkindina.

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Slík er ásóknin í ull á Íslandi þessi árin að bændur hafa ekki undan að rýja rollur sínar. Þar af leiðandi eru þeir farnir að klippa þær að vetri sem að vori, ólíkt því sem áður var þegar ein rúning var látin nægja á ári.

Og til að sinna þessu verki þarf að kalla á hjálpað utan, alla leið frá Kanada, en þaðan kemur Pauline Bolay með flugbeittar rúningsgræjur sínar. Hún kveðst í samtali við Fréttablaðið vera í um tvær vikur á Íslandi að þessu sinni og fara á milli allmargra bæja. „Ætli ég rýi ekki um það bil 1.500 kindur að þessu sinni,” segir hún, komin vestur á Melanes á Rauðasandi í vestanverðri Barðastrandarsýslu að þessu sinni til að rýja nokkra tugi kinda, en árlega ferðast hún á milli fjölmargra landa í þessu sérstaka starfi sínu.

„Viðhorfið er fyrir öllu,” segir hún aðspurð um hvað sé mikilvægast í faginu, „að laga sig að hverju verki á hverjum stað.”

Ástþór Skúlason, bóndi á Melanesi, segir að ullarskortur sé orðinn viðvarandi í landinu vegna fækkunar fjár og fleiri þrjónandi handa í landinu – og raunar langt út fyrir landsteinana. „Það segir sitt um stöðuna að bara Norðmenn væru til í að kaupa alla íslenska ull sem fellur til hér á landi,” segir hann. „Við bændur höfum bara ekki undan við að framleiða ull.”

Hann segir að aukin rúning, jafnt að vetri sem vori, dugi ekki til að mæta stóraukinni eftirspurn eftir



Pauline Bolay ferðast þessa dagana á milli bæja á Íslandi. Hér er hún í öðrum í fjárhúsunum á Melanesi á Rauðasandi í gær. MYND/ELÍN



Menn standa gapandi yfir þessu.



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna

íslenski ull. „Okkur er að fækka í hópi sauðfjábænda – og sú þróun mun bara halda áfram, nema einhver röttæk breyting verði þar á,” segir hann og bendir á að meðalaldur þeirra nálgist nú sjötugt. „Og það segir auðvitað allt sem segja þarf. Staðan er bara þannig að ungt

fólk hefur engin efni á að taka við jörðum í rekstri, svo hátt gjald þarf að reida fram fyrir bústofn, húsa- og vélakost.”

En hvað sem öllu liði megi það heita framför hér á landi að rollurnar séu nú rúnar tvisvar á ári í stað einnar vorrúningar. Vetrarrúningin skili betri ull en vorrúningin, reifin séu ekki eins þófkennd og þelið ekki eins flókið og í fyrri tíðar ársbundnu rúningunni, segir Ástþór Skúlason.


Það segir sína sögu um mannskapinn í íslenskum landbúnaði að fjöldi útlendinga kemur hingað til lands á hverju ári í rúningu og slátrun.

„Já, þetta er þróunin,” segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna. „Það er orðið erfitt að fá Íslendinga í þessu lotustörf. Hvað rúninguna varðar hjálpar til að fá svona sveillt fagfólk sem er að allt árið og rýir tugi kinda á klukkutíma. Menn standa gapandi yfir þessu,” segir Gunnar Þorgeirsson. ■

S3
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA

JÓLAFJÖR
MEÐ SÖLKU SÓL

► 4. DESEMBER ► KL. 14.00 ► SILFURBERG



FRJÁLS

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN AÐVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Telja lundastofninn sveiflast eftir kísilstyrk í sjónum

ser@frettabladid.is

LÍFIRÍKI Lundaveiði á Íslandi hefur minnkað um 90 prósent frá 1995, að því er fram kemur í tölum Náttúrufræðistofu Suðurlands, en stofnlægðin var hvað mest á árunum 2005 til 2017.

„Stofninn hefur þó heldur verið að hjarna við í Eyjum á allra síðustu árum,“ segir Erpur Snær Hansen líffræðingur sem þekkir gjörla til sveiflna á stærð stofnsins.

Rannsóknir hans og fleiri vísindamanna benda til þess að

sveiflu í stofnstærðinni megi líklega rekja til kísilstyrks í sjónum og fylgni hans við þörungablóma í hafinu undan ströndum Íslands.

„Ef kísilstyrkurinn dvínar um allt að fjórðung seinkar þörungablómanum og þar með varpi lundans um riflega tvær vikur – og það hefur sín áhrif,“ segir Erpur Snær. „Þetta er okkar tilgáta,“ segir hann enn fremur og telur að sömu breytingur í sjónum hafi áhrif á afkomu humars og viðveru makrils hér við land.

Lundinn er talinn tegund í bráðri

útrýmingarhættu á heimsvísu. Í Noregi, þar sem lundar hafa verið fleiri en á Íslandi um langt árabil, hefur stofninn minnkað til muna – og er nú minni en á Íslandi.

Hóflegar veiðar á lunda eru þó enn leyfðar á Íslandi, en hafa farið minnkandi, farið úr líklega 600 þúsund fuglum í upphafi aldar í 60 þúsund í ár. „Það þarf að gæta þess að veiðar verði áfram sjálfbærar,“ segir Erpur, því þótt stofninn telji enn nokkrar milljónir fugla geti sveiflur náttúrunnar haft veruleg áhrif á stofninn. ■



Lundinn er talinn tegund í bráðri útrýmingarhættu á heimsvísu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

Hefur ekki áhrif á starfsemi Ísal

olafur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað kröfu landeigenda á Öttarsstöðum í Hafnarfirði um að starfsleyfi Umhverfisstofnunar til Ísal frá 2021 verði ógilt.

Úrskurðarnefndin féllst hins vegar á að fella úr gildi þann hluta ákvörðunarinnar sem sneri að stækkun álversins úr 212 þúsundum í 460 þúsund tonn af áli vegna þess að byggt væri á of gömlu umhverfismati.

Bjarni Már Gylfason, upplýsingafulltrúi Ísal, segir úrskurðinn ekki hafa áhrif á núverandi starfsemi Ísal, enn sé verið að yfirfara úrskurðinn og meta. ■

Veruleg fjölgun í ökutækjaránum

kristinnpall@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Alls varð 92 prósent aukning í skráðum tilvikum á nytjastuldi ökutækja á milli mánaða og voru 48 tilvik skráð í október. Til samanburðar var 25 ökutækjum stolið í september og aðeins fjórtán í október í fyrra.

Þetta kemur fram í nýrri tölfræðiskýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en síðastliðið ár hefur lögreglan fengið 23 til 25 tilkynningar um nytjastuld ökutækja í mánuði. Þá fjölgaði tilkynningum um ölvunarakstur verulega á milli mánaða, einnig tilkynningum um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og um umferðarlaga-brot. ■

Bjóða fólki að ganga í Réttindaliðið

Ný skýrsla UNICEF sýnir að kynþáttafordómar og mismunun gegn börnum er ríkjandi vandamál um allan heim. UNICEF býður fólki að bregðast við með því að skrifa undir ákall og ganga til liðs við Réttindaliðið.

lovisa@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI Kynþáttafordómar og mismunun gegn börnum á grundvelli þjóðernis, tungumáls og trúar er ríkjandi vandamál um allan heim. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, sem gefin er út í tilefni alþjóðadags barna sem er á morgun, 20. nóvember.

Skýrslan, þar sem staða mála í 22 löndum er skoðuð og ber yfirskriftina Rights denied: The impact of discrimination on children, varpar ljósi á hvernig kynþáttafordómar og mismunun hafa skaðleg áhrif á menntun, heilbrigði, aðgengi að fæðingarskráningu og sanngjarna málsmeðferð fyrir dómstólum og dregur fram ójafnrétti sem mismunandi minnihlutahópar sæta.

„Barnasáttmálinn var samþykktur af þjóðarleiðtogum heimsins fyrir rúmum þrjátíu árum til að standa vörð um réttindi barna og nú er það í okkar höndum að halda þeirri vinnu áfram. Við getum, og við verðum, að grípa til aðgerða gegn ójafnrétti, gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda börn gegn mismunun og útilokun og gefa öllum börnum tækifæri til að rækta hæfileika sína. Við vonum því að sem flestir taki undir ákall okkar og gangi í Réttindaliðið,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

Í könnun þar sem 407 þúsund svör bárust sögðu 63 prósent barna og ungmenna að mismunun væri



Framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi, Birna Þórarinsdóttir, vonast til að fá sem flesta í Réttindaliðið

MYND/STEINDÓR
GUNNAR

63%

barna og ungmenna sem tóku þátt í könnun UNICEF sögðu að mismunun væri algeng í þeirra umhverfi.

algeng í þeirra nærumhverfi, helmingur sagðist hafa upplifað slíkt sjálf eða einhver nákominn þeim.

UNICEF á Íslandi gerði einnig könnun meðal barna á Íslandi og var meginþorri hátt í 300 svarenda á aldrinum 10 til 17 ára. Börnin voru meðal annars spurð að því hvort þau teldu öll börn í lífi sínu vera jöfn og svöruðu um 40 prósent því neitandi. Ástæða ójafnunarins var misjöfn, en fátækt var sá þáttur sem oftast var nefndur.

Í skýrslunni má lesa hvernig börn sem tilheyra jadarsettum kynþátta-, tungumála- og trúarhópum eru langt á eftir jafningjum sínum í lestrarfærni í þeim 22 löndum sem voru rannsökuð og að mismunun

og útilokun búi til fátæktargildrur sem þau segja flytjast milli kynslóða með afleiðingum á borð við verri heilsu, verri næringu og lakari menntun. Auk þess er það talið auka líkur á fangelsun, hærri þungunartíðni hjá unglingsstúlkum, lægra atvinnustigi og tekjumöguleikum í framtíðinni.

Í tilefni alþjóðadags barna framleiddi UNICEF á Íslandi myndband með fjölda talsmanna og sendi frá sér áskorun til almennings og stjórnvalda um að taka afstöðu gegn fordómum og mismunun í samfélaginu og ganga í Réttindaliði UNICEF. Hægt er að skrifa undir ákallið og ganga í Réttindaliðið á unicef.is. ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ / 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÓÐUNNI / PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4x4
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





HÚSASMÍÐJAN

20-80%

KOL SVÖRT VÍKA

Tilboð sem þú gleymir aldrei




Skoðaðu
öll tilboðin
64 blaðsíður

Héraðsdómur vísar aftur frá máli schäfer-mæðgnanna

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Máli mæðgnanna í schäfer-hundaræktinni Gjósku gegn fimm einstaklingum sem sitja í stjórn Hundaræktunarfélags Íslands (HRFÍ) var vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Var mæðgunum, Örnú Rúnarsdóttur og Rúnu Helgadóttur, gert að greiða stjórnarmönnum 200 þúsund krónur í málskostnað.



Málið hefur skekið hundaheiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Er þetta í annað skiptið sem málið kemur fyrir héraðsdóm en fyrra máli var vísað frá þar sem ekki þótti afgerandi hvort verið væri að stefna félaginu eða stjórn þess. Gjósku var vísað úr HRFÍ eftir að síðanefnd úrskurðaði að röng ræktunartik hefði verið skráð í goti.

Fréttablaðið greindi frá því þann 25. október að mikill hiti hefði verið í málinu þegar lögmennirnir Jón Egilsson, fyrir Gjósku, og Jónas Fr.



HRFÍ vísaði Gjósku úr félaginu vegna rangskráningar á goti.

Jónsson, fyrir HRFÍ, tókust á. Jónas sagði slíka ágalla á málatilbúnaðinum að ekki væri hægt að grípa til varna. Dómkrafan væri ódómtæk, krafan vanreifuð og engin sönnunargögn lögð fram. Því ætti að vísa málinu frá.

Jón sagði úrskurð síðanefndar rangan og málið ætti að fá efnislega meðferð. Arna gæti ekki stundað atvinnu sína sem hundaræktandi. Æran og fjármunir væru undir. ■



Prettán þúsund misstu heimilið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fjölmarginir látnir eftir jarðskjálfta

gar@frettabladid.is

INDÓNESÍA Tala látinna á eyjunni Jövu í Indónesíu eftir jarðskjálfta af styrkleikanum 5,6 sem varð þar klukkan 13.21 að staðartíma í gær var komin í 162 síðdegis í gær.

Að sögn Verdens Gang voru 326 alvarlega slasaðir eftir skjálftann og 13 þúsund manns misstu heimili sitt. Meðal hinna látnu hafi verið 40 börn. Ekki sé hægt að veita öllum læknishjálpi því starfsfólk skorti á sjúkrahúsum. ■

Bandaríkjamaður kaupir í Grapevine

Valur Grettisson hættir um mánaðamótið sem ritstjóri The Reykjavík Grapevine. Hann hefur gegnt stöðunni frá árinu 2017. Hin kanadíska Katherine Fulton tekur við ritstjórninni. Bandarískur hlaðvarpsframleiðandi hefur keypt hlut í fyrirtækinu.

ninarichter@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR „Það eru umtalsverðar breytingar að eiga sér stað hjá The Reykjavík Grapevine,“ segir Valur Grettisson, fráfarandi ritstjóri fjölmiðilsins. Blaðakonan Andie Sophia Fontaine sem hefur unnið við blaðið með hléum frá 2003 lætur einnig af störfum. Hún lýsir upp-sögninni sem óvæntri en segist virða ákvörðun eigenda og óskar þeim velfarnaðar í framhaldinu.

Valur segir samkomulag milli sín og eigenda um að stíga til hliðar. „Blaðið er að taka aðra stefnu og endurnýja sig. Það er ekki óeðlilegt,“ segir hann og bætir við að fimm ára líftími í starfi sé með besta móti fyrir ritstjóra á Íslandi.

„Ég kem inn í Grapevine á tíma þegar nokkur hneykslismál höfðu komið upp, en svo voru mjög góðir ritstjórar þarna inni á milli sem voru skammlífir þó,“ segir Valur. „Þá var kominn tími til að lyfta Grapevine upp úr því að vera þetta



Valur Grettisson er fráfarandi ritstjóri Grapevine og hefur gegnt stöðunni frá árinu 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

101 götublað upp í svona aðeins borgaralegra menningarblað, eins og ég fór með það.“

Að sögn Vals verður ný stefna miðilsins tekin „í sterkari menningarlegar áttir og að minnka eitthvað í fréttum og öðru eins.“

Valur náði óvæntum og gríðarlegum árangri á nýmiðlum Grapevine í heimsfaraldrinum. „Ég asnaðist til þess að verða að YouTube-stjórn,“ segir hann og hlær. „Við vorum með tvær milljónir notenda á einum mánuði, í allnokkra mánuði. Það var ofboðslega mikið áhorf á okkur

og mest tengt eldgosinu á sínum tíma. Við höfum haldið því að miklu leyti og erum með 60 þúsund áskrifendur,“ segir hann.

Að auki stofnaði Valur svokallað newscast, fréttabátt á netinu. „Sem ég held að enginn viti hvað er, en sem er með meira áhorf en Fréttir RÚV.“

Valur segist ekki stefna á að stofna sinn eigin fjölmiðil á næstunni eða fara í samkeppni við Grapevine. Ritstjórnir komi hins vegar til greina. „Maður á eiginlega ekki að segja frá þessu, það minnkar samviskubitið



Í hvert skipti sem ég er rekinn reyni ég að skrifa.

Valur Grettisson

hjá yfirmönnum. En í hvert skipti sem ég er rekinn reyni ég að skrifa,“ segir hann. „Maður hefur verið rekinn og ráðinn svo oft í gegnum blaðamenskuna. En ég fæ ágætis tíma til þess að finna mér eitthvað annað að gera. Það langan að ég get örugglega skrifað heila skáldsögu á sama tíma.“

Jón Trausti Sigurðarson, einn stofnenda og eigenda miðilsins, hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra. „Hilmar Steinn Grétarsson var að hætta og selja sig út. Kaupandinn er bandarískur podcastari sem heitir Marcus Parks sem gefur út hlaðvarpsþættina The Last Podcast On The Left og No Dogs In Space,“ segir Jón Trausti. Fjórir aðilar fara með eignarhald miðilsins. Nýr ritstjóri Grapevine er hin kanadíska Katherine Fulton sem meðal annars hefur unnið fyrir Toronto Star og hefur starfað við Grapevine með hléum í rúman áratug. ■



Samráðsvettvangur um jafnrétti kynjanna – Jafnréttisráð

Fundur í samráðsvettvangi um jafnrétti kynjanna verður haldinn mánuðaginn 5. desember klukkan 9:00 – 12:00 í Hannesarholti.

Þema fundarins að þessu sinni verður stefnumótun í jafnréttismálum sem endurspeglar í nýrri þingsályktun um framkvæmdaætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2024 – 2027.

Samráðsvettvangur um jafnréttismál - Jafnréttisráð starfar skv. 24. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Rétt til þátttöku á fundum samráðsvettvangs eiga fulltrúar frá samtökum sem vinna að jafnrétti kynjanna, fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins og fræðasamfélags. Þá eiga fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra einnig rétt til þátttöku. Hlutverk samráðsvettvangsins er að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengjast jafnrétti kynjanna.

Lögaðilar sem starfa að jafnrétti kynjanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna önnur en þau sem tilgreind eru hér að ofan geta óskað eftir þátttöku en gerð er sú krafa að um sé að ræða lögaðila með stjórn og skráða kennitölu.

Umsóknir um þátttöku sendist á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála í forsætisráðuneytinu á netfangið for@for.is fyrir **1. desember nk.** merkt Samráðsvettvangur.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Tveir hafa horfið úr starfi pólitikurinnar á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

Hreyfing á oddvitum Akureyrar

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Óvenjuleg hreyfing hefur verið á oddvitum stjórnmálaflokka í bæjarstjórn Akureyrar frá kosningum.

Brynjólfr Ingvarsson geðlæknir sem leiddi Lista flokksins hefur sagt skilið við flokkinn vegna óánægju og ásakana og starfar nú sem óháður. Gunnar Línadal, oddviti L-listans, hefur einnig ákveðið að láta af störfum sem bæjarfulltrúi vegna annríkis við önnur störf.

Halla Björk Reynisdóttir, bæjarfulltrúi L-listans, sem er gamalreind í pólitíkinni, bendir á að þessi tvö mál séu gjörólik.

„Bæjarfulltrúar hafa sagt sig frá störfum áður, ekki reyndar



Halla Björk Reynisdóttir
bæjarfulltrúi.

hjá okkur þannig að þetta er nýtt fyrir L-listann,“ segir Halla Björk. „Aðstæður hjá Gunnari breyttust þannig að hann sér sér ekki fært að sinna sínu verkefni.“

Hún segir að þótt Gunnar stigi til hliðar færast aðrir upp.

„Þetta breytir engu um okkar starf, maður kemur í manns starf, hann verður áfram með okkur í flokksstarfi.“ ■

BLACK ALVÖRU VERKFÆRI FRIDAY

VERKFÆRI
20%
afsláttur

Verkfæri á 20% afslætti alla vikuna

Vinnufatnaður og valin verkfæri á sérverði á föstudaginn

Verkfæravagn PRO 322 hluta



219.900 kr.
~~329.500 kr.~~

18V tveggja véla sett



69.900 kr.
~~94.500 kr.~~

Verkfæravagn 283 hluta



174.900 kr.
~~269.900 kr.~~

Verkfærataska 102 hluta



29.900 kr.
~~41.193 kr.~~

Fjarlægðarmælir 16m



6.490 kr.
~~9.900 kr.~~

Rafhlaða 18V 4.0Ah



9.900 kr.
~~14.900 kr.~~

Geirungssög 305mm



149.900 kr.
~~209.186 kr.~~

Þykktarhefil 1800w



139.900 kr.
~~179.500 kr.~~

Kastari NOVA 6000 lúmen



26.900 kr.
~~41.821 kr.~~

Pólitísk hreyfing



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Kröftug innkoma Krístrúnar Frostadóttur í leiðtogahlutverk Samfylkingarinnar hreyfir við íslenski pólitík. Það sýna nýjar kannanir sem Fréttablaðið hefur birt á síðustu dögum, en ekki einasta nálgast fylgi jafnaðarflokksins þau tuttugu prósentin sem Sjálfstæðisflokkurinn státar af þessa dagana, heldur stekkur nýi formaðurinn upp fyrir forsætisráðherra landsins í mati svarenda á því hvaða stjórnmalaleiðtoga þeir treysta best.

Þetta eru tíðindi í íslenskum stjórnmalum. Og þótt nýjabrumið hjálpi Krístrúnu vissulega, sem hefur auðvitað ekki glímt við sama andstreymi og formaður Vinstri grænna á undanförunum vikum, svo líkja má við andúð á köflum, þá er augljóst að hún nær vel út fyrir það lítilfjórlega fastafylgi sem Samfylkingin hefur haft um áratugar skeið.

Það sama verður ekki sagt um aðra forystumenn stjórnmalaflokkanna, hvorki Katrínu Jakobsdóttur né Bjarna Benediktsson, raunar einkum og sér í lagi þann síðarnefnda sem virðist ólíklegastur af núverandi flokksformönnum á Alþingi til að sækja fylgi út fyrir radir sínar, en þær virðast fremur þrengjast en vikka nú um stundir. Kannanir í aðdraganda landsfundar Sjálfstæðisflokksins staðfestu þetta, ef eitthvað er, en samkvæmt þeim virtist keppinautur Bjarna vera frekar til þess fallinn að laða að nýtt fylgi en sá sem sigurinn hreppti.

Formaður Framsóknarflokksins glímur líka við litla lýðhylli út fyrir sínar radir, en sá er þó munurinn á þeim flokki og hinum tveimur sem eiga sæti við ríkisstjórnarborðið að formennska í þeim gamalgóða bændaflokki hefur aldrei verið sama höfuðatriði og hjá þeim flokkum sem hafa staðið lengst til vinstri og hægri. Það er í anda samvinnuhugsjónarinnar.

En meginspurningin er auðvitað þessi nú um stundir í íslenski pólitík hvort nýjum formanni Samfylkingarinnar muni takast að festa fylgi hennar við tuttugu prósentin og vera þannig raunverulegur keppinautur við Sjálfstæðisflokkinn sem, þrátt fyrir allt, ber enn sem fyrr höfuð og herðar yfir aðra flokka á sviði íslenskra stjórnála. Og þótt andstæðingum hans hafi ekki leiðst að benda á hnignandi fylgi hans á undanförunum árum – og raunar það sem af er þessari öld, þá hafa aðrir flokkar ekki enn komist þangað með tærnar þar sem íhaldið hefur hælana á síðustu áratugum, nema endrum og sinnum – og aldrei til frambúðar.

Krístrún hefur opnað flokk sinn. Í því felst jafn mikið áræði og áhætta. Hún hefur losað um gömlu grundvallarskilyrðin. Það virkar strax, hvað svo sem síðar verður. ■



Krístrún hefur opnað flokk sinn. Í því felst jafn mikið áræði og áhætta.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Nýjar reglur

Forkölfar knattspyrnuforystunnar í heimi hér hafa lyppast niður gagnvart ægivaldi íhaldspunga í Katar og kraftis þess af dómurum heimsmeistarakeppninnar að þeir gefi þeim leikmönnum gula spjaldið í byrjun leiks sem dirfast að bera regnbogabandið á upphandlegg. Það er ekki að spyrja að tjáningarfrelsinu – og því skal kippt úr sambandi si-sona ef gestgjöfunum hentar. Heyr á endemi. Sjaldan ef nokkurn tíma hafa forvígismenn nokkurra íþrótta-sambanda á blessaðri heimskringlunni lagst jafn lágt – og það baráttulaust. Öllum þeim dásamlega árangri sem þó hefur náðst í mannréttindabaráttu hinsegin fólks skal bara kastað út um gluggann si-sona ...

Fordæmi

Það þarf samsé ekki meira til að breyta reglum boltans, frá einu móti til annars, en heiftina í heimalandinu og alla þá mannfyrirlitningu sem þar er fyrir. Í öllu þessu mengi eru mannréttindi bara skiptimynt, réttur kvenna algert aukaatriði og hagur samkynhneigðra skiptir engu máli. Samkvæmt þessu fer vel á því að halda næsta mót í Norður-Kóreu. Heimamenn fengju þá að byrja inn á vellinum með fullt lið, en allir hinir með hálf, bara af því að einræðis-herrann í Þyongyang segir svo. ■

Gullhúðaðar EES-reglur



Diljá Mist Einarsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Í skýrslu starfshóps um EES-samstarfið sem kom út í september 2019 er m.a. fjallað um svokallaða „gullhúðun“ við innleiðingu EES-reglna í landsrétt. Með því er átt við tilvik þar sem stjórnvöld einstakra ríkja herða á íþyngjandi EES-gerðum til að ná fram sérstökum markmiðum á heimavelli eða „lauma“ heimasmiðudum ákvæðum inn í innleiðingarfrumvörp. Víða er lögð áhersla á að innleiðing íþyngjandi EES-gerða eigi ekki að ganga lengra en gerðirnar sjálfar krefjast gagnvart þeim sem gert er að starfa eftir reglunum. Þetta kemur m.a. fram í reglum um þinglega meðferð EES-mála frá árinu 2010, í almennum reglum um meðalhóf á vettvangi stjórnsýslunnar, og í umræðum á Alþingi. Engu að síður kemur fram í skýrslunni að víða sé pottur brotinn hvað þetta varðar. Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa m.a. vakið máls á þessu.

Af þessum sökum óskaði ég, ásamt fleiri þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, eftir að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra flytji Alþingi skýrslu óháðra sérfræðinga um innleiðingu EES-gerða. Beiðnin hefur nú verið samþykkt. Óskað var eftir fjallað yrdi um hvernig innleiðingu EES-gerða hefur verið háttáð í umhverfisráðuneytinu og hvort gengið hafi verið lengra en þörf var á. Ráðuneytið varð fyrir valinu þar sem heppilegt er að framkvæmdin sé skoðuð á einu málefnaviði til að byrja með. Að auki höfðu mér borist ábendingar um að þar kynni að vera að finna ýmis dæmi um að of langt væri gengið við innleiðingu.

Þingmenn gegna mikilvægu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum og til þess höfum við tæki á borð við áður nefnda skýrslubeiðni. Innlend fyrirtæki og neytendur eiga að sitja við sama borð og aðrir á innri markaði Evrópusambandsins. Íþyngjandi og óskilvirkar reglur sem eru sagðar stafa frá EES-samstarfinu koma enda óörði á EES. Okkur skýrslubeiðendum finnst því mikilvægt að komast til botns í hvort sá háttur sé hafður á hér á landi. Hvort lengra sé gengið við innleiðingu EES-gerða, með þeim afleiðingum að regluverk verði meira íþyngjandi en þörf er á. ■

„Íþyngjandi og óskilvirkar reglur sem eru sagðar stafa frá EES-samstarfinu koma enda óörði á EES.“

Tískulinsur í úrvali
Breyttu um augnlit

HOKUS POKUS
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Niður á jörðina með umræðuna um Íslandsbankasöluna



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndunar-
sinni

Í umræðunni hér geisa oft stormar, sem virðast hrífa marga með sér. Ráða þá oft ferðinni blanda af takmarkaðri vitneskju, ófullnægjandi úttekt og yfirvegun, tilfinningum og svo vilja til að sanna sitt mál, og, í leiðinni, ná sér niðri á pólitískum andstæðingi; slá úr málinu pólitískt kapítal.

Tilgangur Íslandsbankasölnnar Helzti tilgangurinn með sölnunni var sá, að fá inn fé, auðvitað sem mest, til að lækka skuldir ríkissjóðs, en skuldafélagun hafði aukizt gífurlega þau tvö ár, sem Covid geisaði, og þá um leið, lækka vaxtabyrði ríkisins. Vaxtagreiðslur rýra auðvitað fjármuni til velferðarkerfisins.

Sérstaklega hjá Sjálfstæðismönnum bættist svo við viljinn til að draga úr ríkisrekstri og sú hugmyndafræði, að fjársýsla og öll helzta viðskipti væru bezt komin í höndum einkaframtaksins.

Í þessu sinni var tilgangur Íslandsbankasölnnar af hinu góða.

Gekk tilgangurinn eftir – náðist gott verð?

Þegar til útbodsins kom, 22. marz sl., var verðgildi hlutar í Íslandsbanka

122 kr. Gátu menn keypt, hvaða fjölda bréfa sem var, t.a.m. 1.000 hluti, fyrir þetta verð.

Nú, hins vegar, átti að selja, á einu bretti, 450.000.000 hluti. Var við því að búast, að sama verð fengist fyrir þetta risastóra útbóð!? Auðvitað ekki! 4% lækkun, í 117 kr. fyrir bréf, var því, alla vega fyrir undirrituðum, hálfgerður brandari, enda hafði ég engan áhuga á þátttöku í útböðinu.

Hér verður að hafa í huga, að, þegar bréf eru keypt og seld, kemur til kaup- og sölubóknun, alls 1,5%, hér 2 kr. á hlut. Þannig þurfti kaupandi þessara bréfa á 117 kr., að fá 119 kr. við endursölu, rétt til þess að vera á sléttu.

Það undarlega gerðist samt, að bréfin ruku út á þessu – fyrir mér – yfirverði. Hluti af skýringunni, af hverju allir fjárfestar, sem gátu, hentu sér í þetta, er trúlega sú nálgun, að selja bara á útvalinn hóp fjárfesta.

Menn fylltust þeirri tilfinningu, að hér væri sérstakt tækifæri til að græða, sem ekki mætti missa af; þeir væru í hópi hinna útvöldu.

Svo fór þó ekki, því nú, átta mánuðum seinna, standa þessi bréf í mögum 124 kr., og á síðustu vikum og mánuðum hafa þau endurtekið farið niður í 117 kr., voru greinilega á leið niður fyrir það, en bankinn virðist hafa varið þau í 117 kr. Fáir fjárfestar hafa því riðið feittum hesti frá þessum hlutabréfakaupum. Þeir, sem beita lánsfé, hafa tapað.

Það er því ekki ofsögum sagt af því, að þessi sala 22,5% hlutabréfanna í Íslandsbanka hafi verið ríkinu afar



hagfelld. Skuldastaðan bætt um tæpa 53 milljarða og milljarða vaxtakostnaður á ári sparður.

Allt tal um, að selt hafi verið á of lágu verði, og, að ríkið hefði tapað 2-3 milljörðum, ber því fyrir undirrituðum vott um þekkingar- eða dómgreindarskort, nema hvort tveggja sé, hver sem aðilinn er.

Hliðstætt útbóð og útkoma

Fjórðum mánuðum fyrir Íslandsbankasölnuna fór fram hliðstætt útbóð í Síldarvinnslunni. Á opnum og frjálsum markaði fékkst 101 kr. fyrir hlutinn. Verðgildi þessara hlutabréfa er í dag 122,50 kr. Þarna hafa fjárfestar hagnast umtalsvert – sem líka er nauðsynlegt, því mikil áhætta fylgir fjárfestingu í hlutabréfum – andstætt því, sem er með Íslandsbanka, þar sem fjárfestingin rétt hangir.

Þetta dæmi áréttar auðvitað, hversu hagstætt Íslandsbankaút-

boðið var fyrir ríkið og óhagstætt fyrir fjárfesta.

Hvað með framkvæmdina?

Í almennri umræðu og skoðanamyndun, reyndar í flestum málum hins daglega lífs, er eitt það hættulegasta og versta, sem hendir menn, þegar þeir rugla saman stórum málum og litlum, hræra aðalatriðum og aukaatriðum saman, eins og sóm væru. Þannig fæst ekki skynsamleg, hlutlæg eða uppbyggileg niðurstaða.

Ljóst er, að ýmislegt hefði mátt betur fara við framkvæmd Íslandsbankasölnnar. Langbezt hefði verið, ef hún hefði verið opin og frjáls. Aðalatriðið var þó það, að tryggja hagsmuni ríkissjóðs, okkar allra, með hæstu mögulegu söluverði, sem tókst.

Önnur sjónarhorn geta verið góð og gild, en ættu að vega minna. Góður maður sagði við mig í skoð-



Allt tal um að selt hafi verið á of lágu verði, og að ríkið hefði tapað 2-3 milljörðum, ber því fyrir undirrituðum vott um þekkingar- eða dómgreindarskort, nema hvort tveggja sé, hver sem aðilinn er.

anaskiptum um málið: „En fyrir mér er kjarni málsins að þegnarnir stóðu ekki jafnfætis við sölnuna“.

Auðvitað eru jafnréttissjónarmið góð, en er ástæða til að gera mikið með þetta, þegar fyrir liggur, að ávinningur af þessari aðkomu var lítill eða enginn? Jafnrétti til góðra mála er gott og rétt, en er jafnrétti til vafasamra hluta eða óhagstæðra líka mikilvægt?

Faðir fjármálaráðherra

Ég get ekki látið þessu lokið án þess að minnst á föður fjármálaráðherra og stöðu hans hér. Einhverjir virðast halda, að hann beri að útiloka frá einu og öðru, t.a.m. frá þessu útbóði Íslandsbanka, bara af því að hann er faðir fjármálaráðherra.

Sumir hér virðast líka telja, að fjármálaráðherra geti sagt föður sínum, hvernig hann eigi að sitja og standa; skipað honum fyrir verkum. Annar eins barnaskapur! ■



Útfararþjónusta

í yfir 70 ár



Guðný Hildur Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri

Ellert Ingason
Sálmaskrár,
útfararþjónusta

Emilía Jónsdóttir
Félagsráðgjöf,
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
Útfararþjónusta



Magnús Sævar Magnússon
Útfararþjónusta

Helga Guðmundsdóttir
Útfararþjónusta

Hinrik Norðfjörð
Útfararþjónusta

Helena Björk Magnúsdóttir
Útfararþjónusta

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina

- Þjónusta um allt land og erlendis
- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallett húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á

utfor.is

Tökum á móti ástvinum í hlýlegu og falletgu umhverfi

Stærsta verkefni Valsmanna í Evrópu til þessa

Það verður mikið um dýrðir í Origohöllinni í kvöld þegar þýska stórlíðið Flensburg mætir Val í Evrópu-deildinni. Arnór Snær Óskarsson leikur lykilhlutverk í liði Vals.

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Arnór Snær Óskarsson er einn af leikmönnum Vals í handbolta sem hafa sprungið út í vegferð liðsins í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar. Hjá Val nýtur Arnór meðal annars liðsinnis bróður síns Benedikts og föður síns Óskars Bjarna. Fram undan er stærsta verkefni Vals í Evrópu-deildinni hingað til en liðið mætir þýska stórveldinu Flensburg í Origohöllinni í kvöld.

Það gefur augaleið að gríðarlegur áhugi er á leiknum enda ekki á hverjum degi sem stórlíði í handbolta leika hér á landi. Uppsett er í Origohöllina í kvöld og Valsmenn hafa, líkt og Flensburg, farið vel af stað í riðlakeppninni með tvo sigra í fyrstu tveimur leikjum sínum.

Nú er komið að stærsta verkefni Valsmanna til þessa og Arnór er spenntur.

„Það er mikill spenningur sem hefur gert vart við sig í aðdraganda leiksins. Maður hefur verið að bíða svolítið eftir þessum leik, að mæta Flensburg heima, fyrir framan allt okkar stuðningsfólk. Þetta er draumur, algjör snilld.

Að upplifa draum sinn

Reynsla Vals af riðlakeppni Evrópu-deildarinnar hefur verið nokkuð góð hingað til.

„Þessi fyrstu tveir leikir okkar í Evrópu-deildinni á móti FTC og Benidorm hafa spílast nokkuð vel. Við höfum náð að spila okkar leik, náð að keyra á andstæðinginn og í raun ekkert stoppað. Þá höfum við náð að spila góða vörn, fengið markvörslu, það hefur í raun allt gengið upp.“

Arnór er sem leikmaður Vals að upplifa draum sinn síðan í æsku.

„Ég get með sannni sagt að þetta sé draumi líkast. Maður hafði áður fengið smjörþefinn af þessum Evrópukeppnum, til að mynda gegn Lemgo í fyrra, en það að vera nú að keppa í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar er einhvern veginn miklu stærra.

Ég man þegar maður var yngri og fylgdist með þessum stóru liðum í Evrópu, á þeim tímamarki hugsaði maður með sjálfum sér að þetta



Arnór Snær sýnir hér listir sínar með Val í fyrsta leik liðsins í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar og gefur hér glæsilega stoðsendingu. Arnór hefur farið frábærlega af stað með Val í Evrópu-deildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

væri eitthvað sem maður vildi stefna að.“

Bræður berjast hlið við hlið

Draum sinn upplifir hann með bróður sínum Benedikt Gunnari Óskarssyni og föður sínum Óskari Bjarna Óskarssyni en bræðurnir hafa vakið verðskuldaða athygli með frammistöðu sinni hingað til í Evrópu-deildinni.

„Það er bara frábært að geta upplifað þetta með þeim og ég get í fullri hreinskilni sagt að ég myndi ekki vilja fara í gegnum þetta verkefni með neinum öðrum.“

Benedikt er frábær leikmaður, það er gott að spila með honum og við tengjum vel og þá er gott að hafa einhvern á varamannabekknunum sem er gott að tuða almennilega í og þar kemur pabbi sterkur inn.“

Fyrir upphaf Evrópu-deildarinnar var mikið um það rætt að nú myndi fást betri mynd af stöðu íslensks félagsliðahandbolta í Evrópu enda ekki reglulegur atburður að Ísland eigi lið í riðlakeppni Evrópumóta.

Það reynist áskorun fyrir alla hlutaðeigandi hjá Val að halda ein-

Teitur snýr aftur heim



Íslenski landsliðsmaðurinn Teitur Örn Einarsson er á mála hjá Flensburg og hann mætir til leiks í Origohöllina í kvöld.

Teitur er uppallinn hjá Selfyssingum en eftir að hafa slegið í gegn hér heima á sínum tíma samdi hann við sænska liðið IFK Kristianstad. Þar lék hann á árunum 2018–2021 þegar kallið kom síðan frá Þýskalandi og gekk Teitur til liðs við Flensburg.

Þessi 24 ára gamli Selfyssingur hefur verið viðriðinn íslenska landsliðið en Teitur spilaði sinn fyrsta A-landsleik í apríl 2018.

beitingunni á réttum stöðum hverju sinni en vel hefur tekist til hjá liðinu í Evrópu og hér heima.

„Mér finnst við vera að tækla þetta vel. Auðvitað leiðir maður hugann að þessum Evrópukeppnum þegar nær dregur en þetta getur alveg tekið á. Ég reyni bara að hugsa ekki of langt fram í tímann, heldur bara að næsta leik.“

Markmiðið var alltaf þannig, milli þessara Evrópukeppna, að við ætludum að vinna þá og mæta síðan fullir sjálfstrausts í Evrópuverkefni. Hingað til hefur þetta gengið mjög vel.“

Þurfa fullkominn leik

Valsmenn ætla sér að ná í úrslit á móti Flensburg en það gæti reynst þrautin þyngri að gera það. Hvað þurfa Valsmenn, að mati Arnórs, að gera til þess að sigra þýska stórveldið?

„Við þurfum að ná fullkomnum leik, keyra bara á þá og fá vörnina inn. Þá fylgir markvarslan með. Ef við náum að tvinna þetta saman eru okkur allir vegir færir.“

Flensburg situr um þessar



Ég get með sannni sagt að þetta sé draumi líkast.

Arnór Snær Óskarsson

mundir í 4. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og mætir sært til leiks eftir jafntefli gegn Melsungen á sunnudaginn. Stutt er á milli leikja í þýsku úrvalsdeildinni og er það eitthvað sem Valsmenn gætu nýtt sér.

„Það getur vel verið að það sé einhver þreyta í leikmannahópi þeirra en að sama skapi veit ég að þessir leikmenn eru mjög vel þjálfaðir og tilbúnir í þetta.“

Þetta er bara finni tímamarkur fyrir okkur að keyra bara almennilega á þá og vonandi gengur það upp.“ ■

Árið sem yfir helmingur leikja endaði með jafntefli

hoggi@frettabladid.is

FÓTBOLTI A-landslið karla í knattspyrnu hefur lokið keppni á þessu ári en liðið vann aðeins tvo af fjórtán leikjum sínum á þessu ári. Liðið endaði árið á að vinna Eyrstrasaltsbikarinn en báðir leikir unnust í vítaspyrnukeppni í átt að titlinum.

Ísland spilaði fjóra keppnisleiki undir stjórn Arnars Þórs Viðarssonar á þessu ári, allir fjórir leikirirnir í þjóðadeildinni enduðu með jafntefli.

Jafntefli er saga ársins hjá landsliðinu sem gerði jafntefli í átta af fjórtán leikjum liðsins. Rúm 57 prósent leikja liðsins enduðu því með jafntefli. Öll undankeppni fyrir EM 2024 fer fram á næsta ári þar sem liðið þarf að ná að breyta jafnteflum í sigra. Er þetta met í fjölda jafntefla á einu ári hjá landsliðinu.

Íslenska liðið skoraði tólf mörk í

Úrslit A-landsliðs karla árið 2022:

Þjóðadeildin

Ísrael 2 - 2 Ísland
Ísland 1 - 1 Albanía
Ísland 2 - 2 Ísrael
Albanía 1 - 1 Ísland

Eyrstrasaltsbikarinn

Litáen 0 - 0 Ísland
Lettland 1 - 1 Ísland

Æfingaleikir

Úganda 1 - 1 Ísland
Suður-Kórea 5 - 1 Ísland
Finnland 1 - 1 Ísland
Spánn 5 - 0 Ísland
San Marínó 0 - 1 Ísland
Venesúela 0 - 1 Ísland
Sádi-Arabía 1 - 0 Ísland
Suður-Kórea 1 - 0 Ísland

þessum fjórtán leikjum á þessu ári, liðið fékk hins vegar 21 mark á sig.

Undir stjórn Arnars Þórs Viðarssonar hefur liðið átt í vandræðum með að vinna jafna leiki en liðið vann aðeins San Marínó og Venesúela í æfingaleikjum sem fram fóru í júní og síðan í september.

Arnar Þór Viðarsson var að klára

sitt annað heila ár í starfi þjálfara en talsverð umræða hefur verið um framtíð hans í starfi. Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, skoðaði það á dögunum að ráða Heimi Hallgrímsson en hætti við. Hún hefur lagt traust sitt á Arnar sem þarf að standa undir þeirri áskorun að skila betri úrslitum á næsta ári. ■



Arnar Þór þarf að sækja úrslit strax á næsta ári þegar undankeppni EM 2024 hefst.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Hópur barna úr Kópavogi hefur komið að Vatnsdropaverkefninu frá því það hóf göngu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Börn stýra sýningum í Kópavogi

Jafnrétti og sjálfbærni eru þemu ársins í alþjóðlega samstarfsverkefninu Vatnsdropanum sem Kópavogsbær hefur leitt undanfarin ár. Nú er auglýst í þriðja sinn eftir skapandi börnum á aldrinum átta til fimmtán ára til að taka þátt í verkefninu. **2**



Margt forvitnilegt bar fyrir augum á sýningunni Sjórinn er fullur af góðum verum, sjórinn er fullur af rusli. MYNDR/

Kópavogsbær er í samvinnu við H.C. Andersen safnið í Danmörku, Múmínsafnið í Finnlandi og Ilon's Wonderland í Eistlandi í Vatnsdropaverkefninu.

Öll verkefni ungra sýningarstjóra snúast um klassískar norrænar barnabókmenntir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Síðasta vetur vann hópurinn með heimsmarkmið númer 15, Líf á landi, en þá settu hinir ungu sýningarstjórar upp listahátið við Menningarhúsin í Kópavogi.

Þar sýndu þau meðal annars ljósmyndir af óboðnum gestum náttúrunnar, vöktu athygli á matarrækt, tóku upp hláðvarp um dýr í útrýmingarhættu og útbjuggu ljóðabók um náttúruna. Öll verkefni sem litu dagsins ljós voru hugarfóstrur ungu sýningarstjórana sem fylgdu þeim eftir með kynningum og vinnusmiðjum.

Koffortin fljúgandi

Í framhaldi af listahátíðinni voru haldnar vinnusmiðjur á Bókasafni Kópavogs síðastliðið sumar þar sem hvatt var til lestrar og sköpunar. Að lokum urðu til fjórar ferðatöskur sem fengu nafnið Koffortin fljúgandi sem er tilvitnun í eina af sögum H.C. Andersen. Þær Anja Ísabella Lövenholdt og Magna Rún Rúnarsdóttir hönnuðu koffortin úr niðurstöðum ungu sýningarstjórana.

Þau hafa verið kynnt í öllum grunnskólum bæjarins og eru nú á fljúgandi ferð á milli kennslustofa með verkefnum unnum upp úr áherslum ungu sýningarstjórana síðasta vetur. Árangur af starfi þeirra er því mikill og



Ungir sýningarstjórar til í slaginn á listahátið Vatnsdropans í sumar.

Ljósmyndasýning, ljóðabók og lífræn ræktun

Inga Briet Valberg, 9 ára, var einn ungra sýningarstjóra síðasta vetur og stóð að ljósmyndasýningu ásamt Þóru Sif Óskarsdóttur, 14 ára. Hún segir ferlið allt hafa verið æðislegt. „Það voru margir skemmtilegir krakkar sem sköpuðu gott teymi. Mér leið mjög vel og ég hlakkaði alltaf til að mæta í næsta tíma,“ segir hún. „Það var rosa gaman á Vatnsdropahátíðinni og skemmtilegt að sjá verkin okkar.“

Héðinn Halldórsson, 11 ára, var einnig í hópi ungra sýningarstjóra en hann og Agla Björk Egilsdóttir, 12 ára, gerðu meðal annars ljóðabók. „Vatnsdropinn var skemmtilegt og skapandi verkefni. Við höldum meðal annars ráðstefnu með sérfræðingum sem ég lærði mikið af. Útkoman úr verkefninum var frábær og uppskeruhátíðin gekk svaka vel.“

Sigurlín Viðarsdóttir, 14 ára, vann ásamt Brynju S. Jóhannsdóttur, 9 ára, að lífrænni ræktun og minni matarsóun. „Mér fannst ferlið mjög skemmtilegt. Það var gott að geta sagt frá hugmyndum sínum og það var æðislegt að sjá allt koma saman í flottri sýningu. Mér leið alltaf vel þegar ég mætti á fundi. Það var gaman að tala við krakkana og það var gott að vera með fólki sem hafði sama áhuga á náttúrunni. Ég er mjög stolt af sýningunni. Ég lærði mikið um það hvernig það er að setja saman sýningu og niðurstaðan var að minni mati fullkomin,“ segir Sigurlín.



Unnið var með þemað líf í vatni á fyrsta ári Vatnsdropans.



Unnið að Vatnsdropaverkefninu í Eistlandi.



Frá listahátið Vatnsdropans sumarið 2022

Öll verkefni ungra sýningarstjóra snúast um klassískar norrænar barnabókmenntir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

finnst aðstandendum Vatnsdropans mjög ánægjulegt að geta boðið nemendum og kennurum að vinna með niðurstöður þeirra þar sem lögð er áhersla á lestur, leik og sköpun. Þannig lifa verkefnið áfram.

Bókmenntir, jafnrétti, sjálfbærar borgir og samfélög

Í vetur verður unnið með tvö heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, heimsmarkmið 5 um jafnrétti og heimsmarkmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög, í tengslum við bókmenntirnar.

Verkefni ungra sýningarstjóra í ár snýst um að þau stýri listrænni sýningu sem sett verður upp í Kópavogi og einu af samstarfslandi Vatnsdropans. Þeim býðst að hitta sérfræðinga á sínu áhugasviði, fara í gegnum vinnusmiðjur, vettvangsferðir og taka þátt í umræðum um þá listrænu stefnu sem þau kjósa að taka.

Öll áhugasöm börn hvött til að sækja um

Kópavogsbær hvetur öll börn bæjarins sem áhuga hafa á að vinna að skapandi verkefnum til að sækja um en síðastliðin tvö ár hafa ungrir sýningarstjórar komið að uppsetningu listsýninga, viðburða og umræða um málefni sem þeir hafa áhuga á og ástríðu fyrir.

Þátttaka í Vatnsdropanum hvetur börn til að opna og virkja hug sinn í gegnum skapandi ferli sem lýkur með listsýningu sem þau móta og ætlað er að sem flest börn geti notið. ■

Jólagjöf fagfólksins

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 22. nóvember 2022



Jóhann Þór Kristjánsson er sölumaður hjá Sindra sem margir tengja við Dewalt-rafmagnsverkfærin, en þar fást vönduð og traust vörumerki í verkfærum og fatnaði til jólagjafa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fagfólkið elskar græjur í jólapakkana

Draumagjafir fagfólksins fást hjá Sindra þar sem hjartað slær í vönduðum rafmagns- og handverkfærum, sem og sterkum og töff vinnufatnaði fyrir fagfólk í breiðum hópi faggreina. Þar fást einnig gjafakort fyrir þá sem eiga allt. **2**

„Fagfólk elskar græjur og fær fiðring í magann við það eitt að skoða nýjar græjur. Því er klárt mál að það móðgast enginn yfir því að fá verkfæri í jólagjöf heldur er það alltaf jafn gaman og þakklátt, og það snertir fólk,“ segir Jóhann Þór Kristjánsson, sölumaður hjá Sindra.

Þar finnast hugmyndir að frábærum jólagjöfum handa fagfólki í breiðum hópi faggreina, svo sem húsasmíði, pípulögnum, rafvirkjun, stálsmíði og bilgreinum.

„Hjarta Sindra slær í verkfærum og vinnufatnaði fyrir fagfólkið, bæði í rafmagnsverkfærum og handverkfærum. Margir þekkja Sindra sem Dewalt-búðina en þegar inn er komið tekur við heill heimur af frábærum jólagjöfum, bæði fyrir fagfólk en líka Pétur og Pál,“ upplýsir Jóhann Þór.

Laserverkfæri vinsælust

Vinsælustu jólagjafirnar í Sindra undanfarin ár eru laser-verkfæri; svo sem hæðalaser, línulaser og fjarlægðarlasar.

„Laserverkfæri eru tæki og tól sem fólk tímur kannski ekki að kaupa sér sjálf en er alveg ofsalega gaman að gefa því þau eru á óskalista margra og koma sannarlega ánægjulega á óvart undan jólatrénu,“ segir Jóhann Þór.

„Handverkfæri eru líka sívinsæl í jólapakkana, bæði fyrir starfandi fagfólk en líka til heimilisbrúks. Allir vilja eiga verkfæri á heimili sínu og þau sem eru að eignast sitt fyrsta heimili þurfa að verkfæra sig upp. Því er verkfærasett kjörin jólagjöf handa nýjum heimiliseigendum og margir sem kaupa litla verkfærakistu sem þeir raða ofan í sög, hamri, tóngum og bitum sem nauðsynlegt er að eiga á hverju heimili. Vitaskuld eigum við líka til frábær tilbúin verkfærasett en hitt er persónulegra og sem dæmi fallegt og hugulsamt þegar foreldrar gefa ungmennum sínum verkfærakistu, sem þau hafa handvalið í af kostgæfni, þegar þau fara að heiman.“

Hjá Sindra fæst líka gríðarflottur vinnufatnaður frá sænska framleiðandanum Blåkläder.

„Vinnufatnaður er aldeilis frábær jólagjöf sem hittir í mark, svo sem góðar vinnubuxur eða smíðavesti, bæði fyrir fagfólkið en líka þau sem hyggja á pallavinnu eða annað heima með vorinu. Þá er flott að eiga flottan, sterkan vinnufatnað í verkin. Margir sem fengið hafa vinnubuxur frá Blåkläder koma aftur og aftur til að fá nákvæmlega eins buxur því þeir elska þær. Það eru góð meðmæli enda er Blåkläder ákafleg vandað og töff merki sem hentar jafnt í vinnuna sem og tilveruna almennt; jakkar, buxur, skyrtur og ekki síst afar vinsælir bolir úr vandaðri bómull á mjög góðum verðum,“ greinir Jóhann Þór frá.

Spennandi nýjungar frá Dewalt

Aðalsmerki Sindra er frá bandaríska framleiðandanum Dewalt.

„Sumir finna sér merki sem þeir vika ekki frá um alla eilífð, og þannig er það með Dewalt. Við finnum fyrir mikilli trygð vinskiptavina við Dewalt og höfum gaman af því, en það skrifast á gæðin og góða reynslu af Dewalt-verkfærum, sem og fyrirmyndarþjónustu Sindra því ef eitthvað bjatar á eru menn í skínandi málum hjá okkur,“ segir Jóhann Þór.

Dewalt er frumkvöðull í trésmíðaverkfærum en er nú að vinna mikla sigra með nýjum verkfærum fyrir stálsmíðavinnu.

„Þessa dagana eru rosalega spennandi hlutir að gerast hjá Dewalt. Nú þegar er komin í sölu næsta kynslóð af byltingarkenndum rafhlöðum í rafmagnsverkfæri og sem enginn á evrópska mark-



Toptul verkfæri eru fádæma vinsæl hjá fagfólki, vönduð og á góðu verði.



í Sindra fæst æðislegur vinnufatnaður frá sænska merkinu Blåkläder sem er sterkur og frábær í störf fagfólksins en líka flottur í dagsins önn.

aðnum hefur svar við. Aflaukning er allt að 50 prósent og líftíminn að minnsta kosti tvöfalður á við aðrar rafhlöður. Batteríin fylgja nýjum verkfærum en fást líka í eldri verkfæri. Á næstu vikum koma svo enn stærri rafhlöður sem skipta munu sköpum fyrir fagfólk,“ segir Jóhann Þór.

„Nú fyrir jólin teflir Dewalt einnig fram nýjum herslúvélum fyrir verkstæðisvinnu og samsetningarvinnu á stálgrindarhúsum. Þetta eru hálfptommuherslúvélur sem eru uppferðar frá eldri gerðum í umtalsvert meira afli, hafa fengið afbragðsdóma og eru að slá í gegn til jólagjafa.“

Annað ævintýri í jólapakka fagfólksins eru Toptul-handverkfæri sem Sindri hóf innflutning á árið 2008.


„Fyrsta sendingin kom á hálfri pallettu en í dag eru sendingarnar

í gámavis. Þetta eru vönduð verkfæri sem hittu strax í mark hjá fagfólki og á verðum sem ekki höfðu sést á landinu, en það tókst okkur með beinum innflutningi frá framleiðanda. Frá Toptul fæst allt frá stöku skrúfjárnnum upp í stóra skúffuskápa sem eru stútfullir af verkfærum. Það eru auðvitað æðislegar gjafir og salan tekur alltaf kipp í desember en þetta eru stórir jólapakkar sem þarf að taka upp í bílskúrnum, og á Black Friday verða einmitt mjög flott tilboð á Toptul-verkfæraskápum,“ upplýsir Jóhann Þór um aðeins brot af vörumerkjum sem Sindri býður upp á.

„Við erum líka með mjög flott úrval setta og sérverkfæra fyrir bilaverkstæði frá Kraftwerk, sömuleiðis rjómann af handverkfærum fyrir pípara og rafvirkja frá þýska merkinu Knipex og ótal margt fleira.“

Jóhann Þór segir gleði og eftirvæntingu fylgja jólavertíðinni hjá Sindra. Þar njóti viðskiptavinir persónulegrar þjónustu við val á jólagjöfum, faglegar reynslu og þekkingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Hjálpa til að finna réttu gjöfina

Alla þessa viku er vegleg afsláttarvika í Sindra sem nær hámarki með mögnuðum afsláttum á föstudaginn, sjálfan Black Friday.

„Út vikuna verðum við með 20 prósentu afslátt á flestum verkfærum og hægt er að gera sérdeilis góð kaup. Fyrir þá sem eiga allt eru gjafakort Sindra frábær jólagjöf og hægt að ganga frá þeim rafrænt á netinu eða prenta út til að setja í jólapakka, og vitaskuld hjálpum við til með það í búðinni, prentum út og finnum bestu lausnirnar,“ segir Jóhann Þór.

Hann kveðst iðulega fá það hlutverk að velja gjöf í jólapakka fagfólksins, ekki síst þegar makar fastakúnna koma í Sindra í leit að bestu gjöfinni.

„Þá veit ég nákvæmlega hvernig verkfæri viðkomandi á, hvað hann langar í og vantar. Ég hef mikið yndi af þessari aðstoð og ekki síður þegar fagfólkið kemur aftur eftir hátíðarnar og talar um hvað það fékk flotta jólagjöf. Í Sindra er urmull fastakúnna á meðal fagfólksins og maður er farinn að þekkja þá með nafni eftir nitján ár í bransanum,“ segir Jóhann Þór.

„Svo kemur desember með sinni falletgu jólastemningu og tilhlökkun í loftinu. Starfsfólk Sindra nýtur adventunnar í búðinni og ekki síst síðustu tvo dagana fyrir jól þegar fólk kemur í hátíðarskapi til að klára síðustu gjöfina. Þá er andrúmsloftið hátíðlegt og litað gleði.“ ■

Sindri er á Smiðjuvegi 11 í Kópavogi, á Selfossi og í Reykjanesbæ. Sími 575 0000. Opíð virka daga frá klukkan 7.30 til 18 og á laugardögum frá 8 til 12. Sjá netverslun og allt um gjafakort Sindra á sindri.is

Gjafakort Sindra er kærkomin jólagjöf fyrir fagfólk jafnt sem aðra, og hægt að fá þau ýmist rafræn eða útprentuð.

Gæða línulaserar og lengdarmælar frá Leica Geosystems



Leica Lino L2 & L2G

Leica Lino L2 og L2G eru einfaldir og sterkbyggðir krosslaserar með 0.2 mm nákvæmni á meterinn.

Rauður gelsli með allt að 25m drægni án móttakara og 50m með RGR200 móttakaranum. Rafhlöðuending allt að 44 klst

Grænn gelsli með allt að 30m drægni án móttakara og 80m með RGR200 móttakara. Rafhlöðuending allt að 44 klst



Pakkinn inniheldur:

- Lino L2 laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 250 snúningsfestingu



Verð: 43.276 kr m/vsk*

Pakkinn inniheldur:

- Lino L2G laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 250 snúningsfestingu



Verð: 73.160 kr m/vsk*

Leica Lino L2P5 & L2P5G

Leica Lino L2P5 og L2P5G eru frábærir línu og 5 punkta laserar frá Leica með rauðum eða grænum geisla.

**Nákvæmni: 0.2mm/m
Drægni án móttakara: 25m
Drægni með móttakara: 80m
Rafhlöðuending: 44klst**



Pakkinn inniheldur:

- Lino L2P5 laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 360 snúningsfestingu



Verð: 73.160 kr m/vsk*

Pakkinn inniheldur:

- Lino L2P5G laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 360 snúningsfestingu



Verð: 102.796 kr m/vsk*

Leica Lino L6R-1 & L6G-1

L6R-1


Lino L6R-1 er öflugur 360° laser með rauðum geisla.



Með fínstilliskrúfunni er hægt að snúa lasernum örfáa millimetra og því stilla línurnar af á einfaldan máta. Einnig er snúningsfesting með segli sem einfaldar stærri afréttingar. Veggfestingunna er hægt að festa á vinkil og er snúningsfestingin fest með segli á hana.

Pakkinn inniheldur:

- Lino L6G-1 360° laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 250 snúningsfestingu
- UAL 130 vegg festingu
- Fínstilliskrúfu



Verð: 102.300 kr m/vsk*


L6G-1

Lino L6G-1 er öflugur 360° laser með grænum geisla.



Pakkinn inniheldur:

- Lino L6G-1 360° laser
- Harða tösku
- Hleðslurafhloðu og hleðslutæki
- Hólf fyrir AA batterí
- Stöðuspjald
- TWIST 250 snúningsfestingu
- UAL 130 vegg festingu
- Fínstilliskrúfu



Verð: 117.800 kr m/vsk*

Leica Disto D510 & D2

DISTO D510



Pakkinn inniheldur:

- Tösku
- 2x AAA rafhlöður
- Manual

Helstu kostir

- Fermtraútreikningar
- Rúmmálsútreikningar
- Bluetooth tenging
- Hægt er að tengja við Sketch Plan appið
- Innbyggð myndavél

Verð: 101.184 kr m/vsk*

DISTO D2



Pakkinn inniheldur:

- Tösku
- 2x AAA rafhlöður
- Manual

Helstu kostir

- Fermtraútreikningar
- Rúmmálsútreikningar
- Bluetooth tenging
- Hægt er að tengja við Sketch Plan appið
- Einfaldur í notkun

Verð: 35.960 kr m/vsk*

*Auglýst verð lúta 4. grein viðskiptaskilmála verkfæra um verð, skilmála, greiðslukjör, tilboð, afslættir o.fl.

Mikilvægt að þekkja merkin



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur
@frettabladid.is

Veiga Dís Hansdóttir er húsasmiður og kraftlyftingakona en starfar sem innréttingasmiður eins og er, bæði við að smíða innréttingar og setja þær upp þó að hún grípi líka í húsasmiðarnar af og til.

Hún er 24 ára og mikið jólabarn. „Ég hef rosalega gaman af jóluunum og öllu í aðdraganda þeirra og finnst þetta alltaf mjög skemmtilegur og huggulegur tími,“ segir Veiga Dís sem viðurkennir að hún hafi sjaldan fengið gjafir sem tengjast iðn hennar beint.

„Þegar ég var yngri og nýútskrifuð var verið að gefa mér tommustokka og blýanta, svona minni hluti sem passa í vinnubuxurnar, en ég hef annars lítið fengið af verkfærum í jólagjafir, meira í afmælisgjafir frá fólkinu mínu. Það er meira um að ég hafi fengið græjur að gjöf frá fyrirtækjunum sem ég er að vinna fyrir.“ Hún segir suma vinnuveitendur í bransanum spotta hvað starfsfólk vantar og gefa það í jólagjöf. „En sumir gefa líka gjafabréf og pening, það er allur gangur á því.“

Fljót að velja húsasmiðina

Veiga Dís ákvað ung að gerast húsasmiður. „Pabbi minn, Hans Unndór Ólason, er húsasmiður og ég hef verið að skottast kringum hann frá því ég var lítil stelpa, að þrifa eða handlanga eða bara fylgjast með. En ég ætlaði samt ekkert endilega að feta í hans fótspor.

Svo þegar ég var sextán ára fór ég á kynningu í Kórnum á framhaldsskólunum. Þar var básinn hjá Iðnskólanum langstærstur og flottastur og ég datt þar inn og fór að skoða og fann að mér fannst þetta spennandi. Ég tók fullt af bæklingum og þegar ég sá að ég gæti verið jafnlengi í framhaldsskóla og allir jafnaldrar mínir og tekið stúdentspróf en líka sveinspróf um leið var ég fljót að ákveða mig. Það sem heillaði í byrjun var



Veiga Dís Hansdóttir, húsasmiður og aflraunakona, óskar sér þess að fá laser hallamál í jólagjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Gríðarlega mikilvægt er að þekkja merkið sem fagmannurinn í lífi þínu notar að jafnaði svo gjöfin hitti í mark.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

HARÐIR PAKKAR

um þessi jól!



HÖFUÐLJÓS
HC60 V2 1200lm
VR: 7-NITHC60 V2
Verð: 11.990 kr.



HÖFUÐLJÓS
UT 27 520lm
VR: 7-NITUT27
Verð: 8.900 kr.



GUIDE 23
VETTLINGAR
Fóðraðir og vatns-
heldir.
Verð: 2.990 kr.



HJÓLALJÓS
BR 35 1800lm
VR: 7-NITBR35
Verð: 19.900 kr.



BITASETT ESSVE
XTR IMPACT 32stk
VR: 7-ESSVE 10000285
Verð: 7.490 kr.



BITASETT ESSVE
XTR IMPACT 16stk
VR: 7-ESSVE 10000287
Verð: 7.490 kr.



TOPPASETT
1/4" MM T1415
VR: 7-LU282730100
Verð: 5.500 kr.



FAST LYKLASETT
8-19MM 10 STK
VR: 7-LU117430108
Verð: 7.500 kr.

ad ég vissi að ég gæti farið beint út á vinnumarkaðinn en væri líka komin með starfsréttindi um allan heim. En svo finnst mér þetta líka mjög skemmtilegt starf og svo skemmti ekki fyrir að ég þekkti til í húsasmiðinni og fannst hún eiga best við mig.“

Brauðbrettin best

Veiga Dís er mikið í því að búa til jólagjafir á verkstæðinu. „Ég hef búið til bæði brauðbretti og smjörhnífa,“ segir hún og viðurkennir að finnst sérstaklega skemmtilegt að gera brauðbrettin.

„Það er hægt að gera þau svo fjölbreytt og margar útfærslur af þeim. Þá lími ég sjálf í brettin, hanna og þússa og geri allt sjálf og alltaf að gera tilraunir og eitthvað nýtt. Ég segi ekki frá því sem ég er að gera núna því það á að koma á óvart.“

Hún segir að sjálf væri hún til í að fá ýmis verkfæri í jólagjöf. „Ef ég mætti velja mér verkfæri fyrir sjálfa mig er margt sem ég væri til í að eignast til að geta sinnt mínum eigin verkefnum betur. Mig langar mjög mikið að eignast góða veltisög eða borðsög og svo langar mig líka mikið í laser hallamál, ég á ekki minn eigin laser. Þannig að ef einhver er að lesa þetta, til dæmis kærastinn minn, þá er ég alveg til í góðan laser. Óþarfi að flækja það. Og svo vantar mig líka gott kúbein, ég á kúbein en væri alveg til í að eiga vandaðra og betra.“

Það er ekki bara tryggð við merkið sem veldur því að iðnaðarmenn eiga mörg verkfæri frá sama merki.

Hallamálin heilla

Veiga Dís lumar á heilræðum fyrir þau sem langar að gleða iðnaðarmennina í lífi sínu. „Mig langar kannski að stinga því að þeim sem vilja gefa húsasmiðum einhver fagteki í jólagjöf að margir smiðir eru hrifnir af Hultafors hallamálum og langar að eignast sitt eigið.“

Og svo nefnir hún annað sem leikmenn gera sér sjaldnast grein fyrir. „Ef þú ætlar að gefa iðnaðarmanni verkfæri í jólagjöf þá eru batterisverkfæri mjög vinsæl,“ segir hún og bætir við: „Og þá skiptir mjög miklu máli að vita hvaða merki viðkomandi iðnaðarmaður notar. Ég nota til dæmis Makita en kærastinn minn notar Dewalt þannig að ef hann myndi vanta laser myndi ég alltaf kaupa

Dewalt laser handa honum. Ástæðan er sú að það er svo mikilvægt að batteri hans virki í tæki svo hann sleppi við endalaust vesen með mismunandi batteri og hleðslutæki. Þannig sparar þú bæði peninga og vesen fyrir iðnaðarmanninn sem þú ert að gefa.

Það er ekki bara tryggð við merkið sem veldur því að iðnaðarmenn eiga mörg verkfæri frá sama merki heldur líka vegna þess að allt passar saman innan línunnar og það væri óþolandi að vera með fimm mismunandi merki og fimm mismunandi hleðslutæki og batteri í staðinn fyrir að vera bara með nokkur góð batteri og eitt hleðslutæki og geta skipt batteri- unum milli tækjanna. Þannig að ef þér þykir vænt um iðnaðarmanninn í lífi þínu, kynntu þér þá hvaða merki viðkomandi notar.“

Barn í vændum

Þessi jólin verða með nokkuð óhefðbundnu sniði hjá Veigu Dís. „Í ár ætlum við að fara til Spánar til tengdaforeldra minna og vera þar yfir jól og áramót. Jólin verða mjög íslensk samt, við borðum góðan mat og verðum saman í rólegheitum, opnum pakka og svoleiðis.“ Næsta ár verður svo viðburðaríkt hjá Veigu Dís en hún á von á barni í maí. „Draumurinn er að smíða sjálf rúmið fyrir barnið, pabbi smíðaði rúmið fyrir mig á sínum tíma svo hann lumar á alls konar ráðleggingum.“ ■

Fasteignablaðið

47. TBL. 22. NÓVEMBER 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900


www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

EIGNABORG
 FASTEIGNASALA

www.eignaborg.is

**ÁRANGUR Í SÖLU
 FASTEIGNA**

 ÓSKAR BERGSSON LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
 SÍMI 893 2499 OG oskar@eignaborg.is


Eldhúsið er hannað með íburðarmikilli dökkri viðarinnréttingu með ljósum steini á borðum. Vönduð tæki í eldhúsi.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


**FINNDU RÉTTA
 STARFSKRAFTINN**
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Glæsilegt einbýli í Garðabæ

Miklaborg og Jörunn, lögg. fasteignasali, kynna: Bæjargata 4 Garðabæ. Glæsilegt einstaklega vel skipulagt nýlegt parhús í Urriðaholti, húsið var byggt árið 2018 og er 200 fm að stærð. Einstakt útlit, fallett bogapak.

Húsið er hannað af Úti Inni arkitektum og vandað hefur verið til með efnisval og hönnun. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Góð aðstæða fyrir bíla á plani með snjóbræðslu fyrir tvo bíla.

Efri hæð: Komíð er inn í forstofu með mikilli lofthæð með skáp sem nær upp í loft. Úr forstofu er innanngengt í bílskúr. Úr forstofu er gengið í baðherbergi sem er flísalagt og þar er mikil lofthæð. Þegar komið er úr forstofu blasir við fallett alrými með mikilli lofthæð. Eldhúsið er hannað með íburðarmikilli dökkri viðarinnréttingu með ljósum steini á borðum. Vönduð tæki í eldhúsi og tvöfaldur ísskápur.

Stofur eru mjög glæsilegar með mikilli lofthæð og gólf-síðum gluggum með útgengt út á suðursvalir. Stiginn á milli hæða er steiptur með glerhandriði. Gluggi á milli hæða í stiga setur mikinn



Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.

MYND/ADSEN

svip á hæðina og hleypir inn fallegri birtu.

Neðri hæð: Þegar komið er niður stigann tekur stórt alrými á móti þér með stórum suðurglugga og með útgengt út á pallinn. Stór afgirtur pallur við suðurhlíð hússins. Á neðri hæð eru þrjú svefnherbergi, öll mjög rúmgóð, tvö þeirra eru 30 fm að stærð. Hjónaherbergið er með fataherbergi inn af og úr hjónaherbergi er útgengt út á afgirtan pall með heitum potti.

Baðherbergið á neðri hæð hefur verið sameinað þvottahúsinu og gert að einu rými, en þvottahúsaðstöðu hefur verið komið fyrir í bílskúrnum. Baðherbergið sem er flísalagt og með innfelldum vönduðum blöndunartækjum, er vel tækjum búið og með stórrí inn-

réttingu við handlaug með spegli fyrir ofan. Einnig er góður skápur á vegg. Smart heimiliskerfi fyrir lýsingu og gardínur. Frábær staðsetning innan hverfis. Laust strax.

Fasteignamat næsta árs fyrir 2023 er kr. 142.650.000.

Um er að ræða einstaka eign, þar sem glæsileiki, hönnun og skipulag eignar fer saman. Hentugt fjölskylduhús. Frábær staðsetning innan hverfis og stutt í allar áttir. ■

Nánari upplýsingar um eignina veitir Jörunn lögg. fasteignasali í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is


Opið hús að Bæjargötu 4, Garðabæ, í dag frá kl 15-17. Velkomin.

2002 - 2022

Á traustum grunni í 20 ár



Grensásvegur 3, 2 hæð 108 Reykjavík Sími 530 6500 heimili@heimili.is heimili.is



FOLD

FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
iþróttifræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskfræðingur

Rakel Viðarsdóttir
Viðskiptalögfr. og lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hörður Sverrisson
Hagfræðingur
lögg.fast
hordur@fold.is / 899-5209

Fálkagata 27a:

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 22.11 KL.16:30-17:15



OPIÐ HÚS

Ca. 118,5 fm. fallett raðhus á frábærum stað í vesturborginni. Á neðri hæð er forstofa, stofa, borðstofa eldhús og gestasnyring auk þvottahúss og geymslu, útgengi á pall með heitum potti. Góður stigi upp á efri hæð. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Geymslur er yfir efri hæðinni.

Opið hús þriðjudag 22.11 kl. 16:30-17:15, verið velkomin.

FOLD FASTEIGNASALA
Sími 552 1400



Keilugrandi ,1.hæð:

OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 23.11.KL. 16.30-17:30



OPIÐ HÚS

Keilugrandi 6, 1.hæð: Falleg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Keilugranda. Endurnýkað eldhús, tengt fyrir þvottavél á baði. Tvö svefnherbergi og tvennar svalir, í suður frá stofu og í norður frá hjónaherbergi.. Stæði í bílgeymslu fylgir og með því telst eignin rúmlega 108 fermetrar. Glæsileg íbúð á góðum stað. Opið hús miðvikudag 23.11. kl. 16:30-17.30, verið velkomin.

FOLD FASTEIGNASALA
Sími 552 1400

Mosagata 1, íbúð 402.

OPIÐ HÚS Á MIÐVIKUDAGINN 23 FRÁ 17:00-17:30.



OPIÐ HÚS

Mosagata 1, íbúð 402. Björt, rúmgóð og vel skipulögð 4ra herbergja útsýnisíbúð á fjórðu hæð (efstuhæð) í fallegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ. Íbúðin er skráð 108fm og geymsla 8,6fm samtals 116,6fm. Gólfefni íbúðar: harðparket og flísar á votrymum. Innihurðar eru innfelldar með viðarspónlög frá Colombini Casa. Frábær staðsetning, en Mosagatan liggur hátt í Urriðaholtinu með glæsilegu útsýni yfir byggðina til suðurs og vesturs. Mosagatan liggur einnig næst Urriðaholtsskóla. Miklir útivistarmöguleikar í nágrenninu. Verð 87,5 millj.

FOLD FASTEIGNASALA
Sími 552 1400

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

vinnvinn



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D.
Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Prastarás 71- Hafnarfirði. 3ja herbergja íbúð - Útsýni



Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Virkilega falleg 106,1 fermetra 3ja herbergja íbúð að meðtalinni sér geymslu á efri hæð í litlu fjölbýlishúsi við Prastarás í Hafnarfirði. Sérinnangangur og yfirbyggðar opnanlegar svalir.
- Stórkostlegt útsýni er frá eigninni yfir Hafnarfjörð, sjóinn að Snæfellsjökli, upp í Heiðmörk og yfir Reykjavík.
- Verulega aukin loft hæð er í íbúðinni. Tvennar svalir eru á eigninni. Fyrir framan inngang í íbúðina eru svalir til vesturs og út af stofu eru yfirbyggðar og opnanlegar svalir til austurs.
- Fjórar sameiginlegar hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru á bilaplani fyrir framan húsið.

Verð 69,9 millj.

Stakkhamrar 3 - Einbýlishús á einni hæð



Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Vel skipulagt 162,3 fermetra einbýlishús á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr og tveimur veröndum ásamt heitum potti við Stakkhamra 3 í Grafarvogi.
- Eignin stendur á 729,0 fermetra lóð sem er með tveimur afgirtum veröndum í suður og vestur. Hellulögn er fyrir framan bílskúr og hellulögn við húsið að öðru leyti að hluta til. Tyrfdar flatir með blóma- og trjábeðum.
- Eignin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, rúmgott eldhús, samliggjandi stofur, sjónvarpshol, baðherbergi, hjónaherbergi, þrjú barnaherbergi og bílskúr sem er tvöfaldur og með snyrtingu.
- Eignin getur verið laus til afhendingar strax.

Verð 119,5 millj.

Arnarnes, Garðabæ

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð. 5 svefnherbergi – 3 baðherbergi. Nánari uppl. á skrifstofu

Naustavör 58 - Kópavogi

Nýjar og glæsilegar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi. Aðeins 7 íbúðir óseldar

Langalína 21- Sjálandi Garðabæ. 3ja herb. íbúð – svalir til vesturs



- Björt 3ja herbergja 107,3 fermetra íbúð á 2. hæð með svölum til vesturs í lyftuhúsi í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Sér geymsla og sér bílastæði í bilageymslu í kjallara hússins fylgir íbúðinni.
- Stofa er með gluggum í tvær áttir og útgengi á svalir. Eldhús er opið við stofu og með eikarinnréttingum. Bæði svefnherbergin eru rúmgóð og með fataskápum.
- Húsið er klætt að utan og er því viðhaldslítið.
- Bálkóðin er með stórum tyrfdum flötum.

Verð 79,9 millj.

Grímsnes Kiðjaberg Öndverðarnes

Sumarhús óskast

Óskum eftir glæsilegu sumarhúsi, heilsárshúsi í sumarhúsabyggð í Kiðjabergi eða Öndverðarnesi fyrir traustan kaupanda

Parft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina?
Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærrí eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Tjarnarbraut 4

260 Njarðvík

17 glæsilegar íbúðir í nýju lyftuhúsi á frábærum stað við Tjarnabraut

- Stærð frá **77 – 85 fm**
- **3ja** og **4ra** herbergja – gott skipulag
- Íbúðir **afhendast fullbúnar** með gólfefnum
- **Fallegar innréttingar** frá GKS
- Innbyggð **uppvottavél** og **ísskápur** fylgja
- **Gólfhiti** og vélrænt útsog
- **Glæsilegt útsýni** af efri hæðum



Óskar
H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is



Ómar
Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

HAFIÐ SAMBAND
í síma **691 1931** eða **832 3200**

17
nýjar 3ja og
4ra herbergja
íbúðir



MIKLABORG

Með þér
alla leið

Framúrskarandi
fyrirtæki

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

NÝTT Í SÖLU



PANTID SKOÐUN
hjá Þórunni í síma 773 6000

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Bergstaðastræti 52
101 Reykjavík

Sérlega vel staðsett
305 fm atvinnuhúsnæði
í miðborginni

- Nú starfrækt þvottahús.
- Eignin skiptist í afgreiðslu, kaffistofu, skrifstofu, þrjú stóra vinnusal, fátahengi og tvö WC.
- Inngangur er frá Braggötu og þaðan er ekið inn í port þar sem þrennar dyr eru á rýminu þar af ein tvöföld.

Verð: **Tilboð**

OPID HÚS | Þriðjudaginn
22. nóvember
kl. 15.00-17.00

Bæjargata 4
210 Garðabær

Glæsilegt nýlegt 200 fm
parhús í Urriðaholti

- Glæsilegt alrými með mikilli lofthæð í stofu og gólfíðir gluggar
- Útgengt út á suður svalir úr stofu
- Glæsilegt opið eldhús
- Þrjú stór svefnherbergi
- Heitur pottur á pallinum

Verð: **170 millj.**

Afhending
við kaupsamning



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jonunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Birkigrund 44

200 Kópavogur

221 fm endaraðhús með aukaíbúð og bílskúr

- Aðaleign, miðhæð og efri hæð með 4 svefnherb. stofum, eldhúsi, svölum, þvottahúsi og baðherb..
- Aukaíbúð með sérinngangi, og með einu svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi í kjallara.

Verð: **135 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Ásakór 4

203 Kópavogur

Falleg og mjög rúmgóð 3ja herb. 100 fm íbúð með stæði í bílageymslu

- Tvö góð svefnherbergi
- Stórt og fallegt stofu og eldhúsrými, sér þvottahús
- Sólríkar svalir
- Laus fljótlega

Verð: **65,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Álfrólsvogur 10

200 Kópavogur

Fallegt 203,5 fm raðhús, tvær hæðir og kjallari

- Aðalhöð, stofa, eldhús, útgengi út í garð
- Efri hæð, þrjú svefnherbergi, og baðherbergi með þvotta.
- Tvær séríbúðir önnur í kjallara og hin í bílskúr
- Vel viðhaldið hús

Verð: **107,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 773 6000

Mosgerði 8

108 Reykjavík

Einbýlishús 175,3 fm með tveimur íbúðum neðri hæð bílskúr og kjallara og risíbúð

- 2 íbúðir á tveimur fastanúmerum
- Stofa, eldhús, bað og tvö svefnherbergi á hvorri hæð. Þvottahús og geymslu í kj. 42,2 fm bílskúr m. rafm. og hita og hurð frá garði.
- Góður suður pallur.

Verð: **125 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Seljavegur 10

101 Reykjavík

Einstaklega fallegt og sjarmerandi hús sem hefur verið endurbýgt á s.l. 25 árum

- 168,2 fm kjallari, hæð og ris
- Stórt eldhús með borðstofu, þrjú glæsilegar stofur
- Fjögur svefnherbergi og baðherbergi með glugga

Verð: **133,5 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 845 8958

Arkarvogur 6 - íb. 208

104 Reykjavík

Perla við Elliðarárvoginn, glæsileg 101,3 fm íbúð á 2. hæð

- Eldhúsið opið og með eyju
- Glæsilega alrými með útgengt á suður svalir
- Tvö svefnherbergi. Sjónvarpshol. Afhendist án gólfefna
- Stæði í bílageymslu. Sér geymsla. Dýrahald leyfilegt

Verð: **86,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 896 8232

Selvogsgrunn 5

104 Reykjavík

Falleg, björt, vel skipulögð og nokkuð endurnýjuð 130,5 fm jarðhæð

- Sérhæð með sérinngangi
- Þrjú svefnherbergi (mögul. á því fjórða). Sjónvarpshol
- Nýtt eldhús og parket. Þvottaherbergi innan íbúðar
- Stór stofa og sólstofa

Verð: **89,8 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Ljósheimar 18

104 Reykjavík

Fjögurra herbergja 87,6 fm íbúð á annari hæð í þessu níu hæða lyftuhúsi

- Skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þrjú svefnherbergi og geymslu.
- Geymsla hjólageymsla og þvottahús í kjallara

Verð: **58,8 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 775 1515

Kópavogstún 12 - íb. 102

200 Kópavogur

Falleg 109,2 fm íbúð m. yfirbyggðum sölum

- Tvö svefnherbergi
- Stofa, borðstofa og eldhús
- Sérgeymsla. Stórar yfirbyggðar svalir sem snúa til suðvesturs
- Merkt bílastæði

Verð: **85,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Erlutjörn 5

260 Njarðvík

4-5 herbergja 204 fm einbýlishús í Njarðvík

- Skiptist í 3 svefnherbergi, baðherbergi, forstofuherbergi, sjónvarpshol, vinnurými, eldhús, stofu og borðstofu.
- Heiturpottur á stórum sólpalli
- Bílskúr, ca.12 fm geymsluskúr og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu að hluta.

Verð: **89,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
Í SÍMA: 691 2312

Hólmabrunn 1

810 Hveragerði

Nýtt og glæsilegt 188,3 fm einbýlishús á einni hæð í Hveragerði

- Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi
- Stofa og eldhús í opnu rými
- Þvottahús
- Bílskúr

Verð: **96,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali



BÓKID SKOÐUN
HJÁ SÖLUMÖNNUM

Elliðabraut 6 - íb. 405

110 Reykjavík

Glæsileg 114,6 fm 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með þakverönd

- Tvö svefnherbergi, baðherbergi
- Eldhús, stofa, þvottahús, sólskáli og 73,1 fm þakverönd
- Geymslu í kjallara og stæði í opinni bílageymslu.

Verð: **94,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

s. 832 3200 **Ómar Hvanndal** hdl. og aðl. fasteignasali

s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali



MIKLABORG

Með þér
alla leið



569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



- Er komið að húsnæðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún, lögmaður
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðiþjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Erum við að leita **að þér?**



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNADU KÓÐANN

Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



frettabladid.is

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstur
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is



Þú finnur Fréttablað dagsins

- Í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
- Í öllum verslunum Bónus
- Í Húsasmiðjunni á höfuðborgarsvæðinu
- Í Firðinum
- Í Kringlunni
- Í Fjarðakaup



QR flýtilausn fyrir stafrænar útgáfur

Hagnýtar gjafir sem koma sér vel

Handverksfólk vill fá skemmtilegar gjafir eins og allir aðrir. Upplifun er til dæmis mjög góð og kærkomin gjöf. Þó er alltaf eitt-hvað sem vantar í bílskúrinn fyrir skapandi fólk og það er eitt og annað sem hægt er að gleðja með.

elin@frettabladid.is

Hvort sem um ræðir iðnaðar- eða handverksmann er ýmislegt skemmtilegt hægt að finna í jóla-pakkann. Þótt fólk vilji alltaf persónulegar gjafir getur verið mjög gott að fá eitthvað sem kemur sér virkilega vel til eignar, sem sagt hagnýtar gjafir. Það geta verið margs konar nútímaleg verkfæri sem auðvelda störf. Einnig getur það verið góður stigi fyrir þann handlagna en álstiga er frábært að eiga á heimilinu til margs konar nota. Hvort sem stiginn er með fáum tröppum eða mörgum er gott að eiga hann í bílskúrnum eða geymslunni þegar þarf að skipta um ljósaperu, mála veggina, setja upp jólaljós, þvo gluggana, þrifa þakrennurnar og sitthvað fleira.

Í myrkrinu hér á landi er líka gott að eiga hagnýtt vasaljós í góðum gæðum. Endurhlaðanlegt vasaljós er til dæmis mjög sniðugt og gott að eiga. Þetta þarf ekki að vera dýr gjöf en afar nytsöm.

Góður geymsluskápur fyrir verkfæri er sömuleiðis frábær gjöf.



Það er gott að eiga vönduð tæki þegar gera þarf við eitthvað en ýmislegt sniðugt fæst til gjafa fyrir handverksfólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Gjafirnar þurfa ekki að vera stórar því þessar litlu gera kraftaverk.

Í slíkum skápum er allt í röð og reglu en gott skipulag er nauðsynlegt þegar grípa þarf verkfærin jafnvel daglega. Hillur, verkfærakassar, vinnulampar eða skúffur til að geyma skrúfur. Allt eru þetta hagnýtar gjafir sem koma sér vel.

Ef þú þarft að kaupa jólagjöf fyrir einhvern sem býr í gömlu húsi og er sífellt að gera upp er margar hugmyndir að finna í byggingarvöruverslunum. Borvélar, sagir, rafmagnsskrúfjárn, hallamál eða ýmis minni tæki til að tengja við önnur. Svo má minnast á vinnuhanska, vinnufatnað og -skó. Vönduð vinna krefst góðs búnaðar og sífellt er verið að hanna nýja tækni sem gerir tækin einfaldari. ■

Jólablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

Jólablaðið kemur út 2. desember næstkomandi.

Blaðið er fullt af skemmtilegu efni og þar má nefna viðtöl, mat, skreytingar, bakstur, innlit, föndur, jólagjafir og margt fleira.

Viltu auglýsa?

Hafðu samband í síma 550-5077

eða í tölvupósti á

serblod@frettabladid.is



RÉTTA GRÆJAN FYRIR
ALLA JÓLASVEINA

GARDHEIMAR

Umboðsaðili STIHL á Íslandi

Í BYKO er allt á einum stað fyrir fagfólk

Ný fagverslun BYKO var opnuð á Selhelli í Hafnarfirði um miðjan september. Þar fæst mikið úrval verkfæra sem fagfólk dreymir um. Meðal annars landsins mesta úrval af bláum Bosch rafmagnsverkfærum.

Jón Geir Friðbjörnsson, svæðisstjóri verslunar og leigu á Selhelli, segir fjölbreyttara úrval af verkfærum í nýju fagversluninni en áður hefur verið boðið upp á í BYKO.

„Hér er mjög fjölbreytt úrval af tækjum. Í raun er hér hægt að fá allt það sem hugurinn gírnist fyrir fagaðila. Við erum til dæmis með mesta úrval landsins af bláum Bosch rafmagnsverkfærum, eða Bosch professional, sem eru verkfærin fyrir fagfólk,“ segir hann.

„Og ekki bara fjölbreytt úrval, heldur líka margar útfærslur af hverri tegund. Þú getur keypt vél sem er bara í pappakassa, en þú getur líka keypt sömu vél í L-boxx verkfæratösku. Einnig er hægt að kaupa vélar með og án rafhlöðu. Þannig að útfærslan fer bara eftir því hvað hentar hverjum og einum. Einhver á kannski hleðslutæki og rafhlöður og getur þá keypt bara staka vél. Þetta býður upp á marga möguleika og hægt er að útbúa sérsníðið verkfærasett sem hæfir þörfum hvers og eins,“ bætir Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölu- stjóri Bosch á Íslandi, við.

Jón Geir segir að bláu Bosch verkfærin séu þýsk gæðatæki sem lengi hafi notið mikilla vinsælda í Evrópu enda hafi þau verið lengi á markaði þar.

„Nú erum við bara að blása í lúðra hér á Íslandi og koma Bosch tækjunum aftur á toppinn þar sem þau eiga heima,“ bætir Róbert við.

„Þetta eru 18 volta vélar og 12 volta vélar, en svo erum við líka með snúruvélar. Úrvalið í rafhlöðudrifnum verkfærum er sífellt að aukast og er hlutdeild þeirra sífellt að aukast,“ útskýrir Jón Geir.

„Það er auðvitað handhægast að þurfa ekki að vera með snúrurnar hangandi. Rafhlöðurnar eru orðnar svo góðar í dag að það er kannski ekki mikil þörf á snúru. En það eru alltaf einhverjir sem vilja frekar snúruvélar og þess vegna bjóðum við upp á þær líka.“

Róbert segir að sífellt sé verið að bæta við úrvalið af Bosch tækjum í fagversluninni á Selhelli.

„Í nýrri fagverslun á Selhelli var ákveðið að auka úrvalið verulega á Bosch fyrir fagaðilann. Hér eru nýjar hitamyndavélar og nýir veggskannar, nýjar ryksugur og háþrýstidælur. Hér er einfaldlega allt úrvalið sem hefur ekki verið pláss fyrir í öðrum búðum,“ segir hann.

„Það er okkar hlutverk að vera fyrstir með það nýjasta frá Bosch. Fólk sem hefur áhuga á þessum tækjum fylgist með því sem gerist úti og vill geta keypt það nýjasta hér,“ bætir Jón Geir við.

„Svo má nefna að við erum með fleira til sölu hér en Bosch verkfærin. Við erum til dæmis söluaðili Honda aflvéla, við erum með loftgæðatæki frá Master, handverkfæri frá Hultafors og Stanley, vinnulyftur frá Sinoboom og Bravi, ásamt jarðvinnuvélum frá Belle. Þannig að það er ansi margt til hér.“

„Núna getur maður tengt vélunum með Bluetooth í gegnum símann sinn og stjórnað þannig ákveðnum aðgerðum. Þú getur stjórnað hvernig tækin virka fyrir

Hægt að stjórna með appi

Bosch er með ýmsar applausnir fyrir verkfærin sín, en Jón Geir segir það vekja mikinn áhuga hjá viðskiptavinum.

„Núna getur maður tengt vélunum með Bluetooth í gegnum símann sinn og stjórnað þannig ákveðnum aðgerðum. Þú getur stjórnað hvernig tækin virka fyrir



Þeir Róbert Hnífsdal Halldórsson og Jón Geir Friðbjörnsson vilja koma Bosch tækjunum aftur á toppinn á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hægt er að leigja vél til að prófa áður en hún er keypt.

þig með stillingum í appinu. Eins með mælitæki eins og fjarlægðarmæla, þá getur þú bara skotið á vegg og talan kemur upp í símanum. Þannig getur þú haldið vel utan um allt og gert þínar eigin skýrslur í símanum,“ segir Jón Geir og Róbert bætir við að ef fólk sækir appið og skráir tækin sín inn í það fái það aukna ábyrgð á tækin.

„Ef þú skráir tækin í appið þá býður Bosch þriggja ára ábyrgð á þeim tækjum sem þú kaupir, vél, hleðslutæki og rafhlöðum,“ segir Róbert.

„Það er einnig boðið upp á lausn í Bosch-appinu til að halda utan um verkfæri hjá þér. Segjum sem svo að þú sért með fjóra bíla. Þú getur útteilt verkfærunum á þá bíla og þá veistu alltaf hvar verkfærin eru. Þú þarft ekki að spyrja: Hver er með stóru sögina? Þú ferð bara inn í appið sem stjórnandi og sérd þar að sögin er í bilnum hjá honum Sigga. Svo ég komi með dæmi.“

„Þetta er svona vöruhúsakerfi. Þetta er nýlegt á Íslandi en hefur verið í notkun í Evrópu í tvö til þrjú ár og það er kominn góð

Hér er einfaldlega allt úrvalið sem hefur ekki verið pláss fyrir í öðrum búðum.

Róbert Hnífsdal Halldórsson



reynsla á þetta. Þetta er sérstaklega gott fyrir stór fyrirtæki sem eru kannski með 100 manns eða fleiri í vinnu. Í stórum fyrirtækjum getur verið erfitt að halda utan um hvar verkfærin eru, en þá kemur appið að gagni,“ bætir Jón Geir við.

Verkstæði og leiga

Róbert segir að viðskiptavinir geti komið í búðina og fengið að prófa tækin áður en ákvörðun er tekin um að kaupa þau.

„Ef þú ert ekki alveg viss þá er hægt að fá að leigja vél í sólarhring til að prófa hana. Svo er hægt að taka stöðuna eftir það. Okkur finnst mikilvægt að viðskiptavinir geti fengið að kynna tækjunum áður en ákvörðun er tekin um kaup. Það er mikil áhersla á góða þjónustu hér á Selhelli, við viljum að þetta verði svoltið eins og heimili fyrir fagfólk. Þetta er ekki eins og í mörgum öðrum verslunum þar sem einstaklingar og fagfólk vilja blandast svoltið saman,“ segir Róbert.

„Fagfólk veit oft nákvæmlega hvað það vill og það er dýrt að senda starfsmann út í búð sem

þarf kannski að biða lengi. Hingað á fagfólk að geta komið og fengið snögga og góða þjónustu.“

Jón Geir segir að einnig sé mikilvægt þegar viðskiptavinurinn velur sér vöru að það sé þjónusta á bak við hana.

„Við erum með mjög flott og vel útbúið verkstæði hér þar sem við gerum við tækin ef þau bila og eins og Róbert kom inn á þá erum við líka með tækjaleigu. Þess vegna getur þú fengið sambærilega vél í leigunni hjá okkur á meðan þú bíður eftir að gert er við þína.“

Að lokum bætir Jón Geir við að í fagversluninni sé fleira til sölu en rafmagnsverkfæri.

„Við erum líka með ýmsar stuðningsvörur fyrir fagfólk eins og þéttiefni frá Sika og Soudal, festingar og fleiri smávörur sem fólk í framkvæmdum þarf. Svo erum við með tvo timbursölumenn hjá okkur, sem sjá um að gera tilboð og selja timbur sem er svo bara keyrt á verkstað. Þannig að við hlökkum til að taka á móti fagfólki, bæði núverandi og nýjum viðskiptavinum hér á Selhelli- unni.“ ■

Á Selhelli er landsins mesta úrval af bláum Bosch rafmagnsverkfærum.



BOSCH

Invented for life



74872186
BOSCH multisög GOP 18V-28

Verð: 92.995

Kraftmikil rafhlöðudrifin multisög með LED ljósi til að sjá betur. Snap-In® kerfi til að skipta um aukahluti á þremur sekúndum. 2 x 5.0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og L-boxx taska. Hraðastillir og kolalaus mótur.



748741287
BOSCH hjólsög GKT 18V

Verð: 78.795

Kolalaus rafhlöðuhjólsög með ProCORE 18V rafhlöðum sem skila sama afli og hjólsagir með snúru. Hentar til að saga flest efni t.d tré, krossvið, plast og ál. Sögin vegur aðeins 4.1kg. Þvermál gats á sagarblaði er 20mm. Þvermál sagarblaðs er 140mm. Breidd 209mm, lengd 374mm og hæð 234mm.



748741945
BOSCH brothamar GBH 18V-36C

Verð: 209.995

Fyrir bora og fleyga, 2 x 8Ah ProCore rafhlöður, kolalaus mótur, aðeins 6.1kg með rafhlöðunni og er því léttari en flestir SDS-max borhamrar, hámarks höggþyngt 7J, LED ljós, Hluti af BiTurbo verkfæralínu Bosch. Einstaklega nettur brothamar en mjög öflugur, einn sá vinsælasti hjá Bosch 2021.



SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Handprjónuð flík jólagjöf ársins

elin@frettabladid.is

Sviar hafa tilkynnt hver sé jólagjöfin í ár. Þetta er þrítugasta og fimmta árið sem valin er jólagjöf ársins af HUI, sænsku iðnaðarsamtökunum. Fyrir valinu varð heimaprjónuð flík. Gjöfin sýni ástvinum umhyggju því hún hlýjar viðtakandanum en að baki gjöfinni liggur mikil vinna og sköpun, að því er Emma Her-

nell framkvæmdastjóri segir við sænska ríkisfjölmiðilinn svt.se. Iðnaðarsamtökin réttlæta jólagjöf ársins með því að benda á að með hækkandi verði á raforku hafi áhugi á handverki aukist mikið. Prjón hefur fengið byr undir báða vængi hjá yngri fólki og mikið er um það fjallað á samfélagsmiðlinum TikTok undir myllumerkinu knittok. Þar er jafnframt talað um stríðið í Úkraínu og þá óvissutíma

sem við lifum á. Það verða því mjúkir pakkar í ár.

„Jólagjöfin í ár kemur í öllum gerðum, stærðum og kostnaðarstigum sem fangar breyttar aðstæður í heiminum sem árið 2022 hefur einkennt af,“ segir Emma. Hlýir sokkar eða peysa eru úrvalsgjafir fyrir allan aldur.

Jólagjöfin var valin út frá þremur forsendum þar sem að minnsta kosti þarf að fylla upp í eitt atriði.



Handprjón hefur aukist mikið í Svíþjóð og er spáð að prjónuð flík verði jólagjöfin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jólagjöfin þarf að tákna þá tíma sem við lifum á, vera nýjung eða að áhugi á henni sé nývaknaður og hún þarf að skapa mikið söluverðmæti, það er að hver eining seljist mikið. Handprjón uppfyllir öll þessi skilyrði, tengist óróa og kulda sem einkennir heiminn í dag, auknum áhuga á handverki og sala á garni hefur aukist. Sviar tala um orkukreppu og eins gott að geta hlýjað sér í vönduðu handprjóni. ■

Einstakar figúrir

starri@frettabladid.is

Sigurður Petersen hefur um nokkurra ára skeið tálgað skúlptúra og ýmsa karaktera úr tré en karakterarnir eru hver með sínu lagi og engir tveir eins. „Ég starfaði sem sjómaður mestalla starfsævi mína en vann nokkur ár í landi áður en ég fór á eftirlaun. Það var á þessum síðustu árum á vinnumarkaði sem ég fór að fikta við að tálga. Þetta var ekki burðugt til að byrja með en hefur skánað með árunum og er nú orðið þannig að fólk vill eignast það sem ég geri, mér til mikillar ánægju.“

Figúrir og verk Sigurðar er meðal annars hægt að finna í hönnunarversluninni Skúmaskoti við Skólavörðustíg í Reykjavík.

Frá því Sigurður hóf að tálga hefur hann fengið margar gagnlegar jólagjafir tengdar þessu nýja áhugamáli. „Ég fékk margar góðar gjafir sérstaklega til að byrja með



Jólasveinar Sigurðar Petersen lífga upp á umhverfið.

en það hefur minnkað seinni árin enda á ég nú orðið nóg af verkfærum. Ég mundi segja að eftirminnilegasta jólagjöfin sem ég hef fengið sé standborvél sem hefur nýst mér mjög vel síðustu árin.“

Hann á erfitt með að nefna einhverja eina óskajólagjöf í ár. „Ef ég ætti að nefna eitthvað eitt mundi ég kannski segja alvöru brennisett.“

Áhugasamir lesendur geta skoðað figúrir Sigurðar á Facebook (Gluggagallery) og Instagram (gluggagallery). ■



Pálmi Gestsson kann vel við sig í smíðavinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vill verkfæri í jólagjöf

gummih@frettabladid.is

Pálmi Gestsson er þjóðinni kunnur fyrir leikarastörf sín í áratugi en honum er fleira til lista lagt. Pálmi hefur í mörg ár dundað sér við að smíða og kann því hlutverki ansi vel.

„Ég var í húsasmíðanámi en fór í leiklistarnámið áður en ég kláraði það. Ég snerti ekki smíðarnar lengi en hef gert það í seinni tíð. Ég hélt að ég myndi ekki fara út í þetta aftur en það er ákveðin hvíld og íhugun sem fylgir smíðavinnunni og ég segi að handverk sé eitt það göfugasta sem við eigum. Ég fór að hafa gaman af þessari vinnu aftur og er núna búinn að vera að vinna uppi á heiði, nánar tiltekið á Heytjarnarheiði, sem er ekki langt frá Hólmsheiði. Við keyptum hús með hektara lands og skógi sem þurfti að hressa upp á og ég er búinn að vera svolítið að dunda mér í því. Ég hef svolítið gaman af því að höggva skóg eða eins og berserkirnir gerðu, ryðja skriður og grjót, smíða og gróðursetja,“ segir Pálmi og bætir við:

„Mér telst til að ég sé búinn að gera upp fimm hús eða íbúðir. Ég

Ég er að koma mér upp verkfærum sem nægja mér en hver veit nema að það bætist eitthvað í safnið þegar ég opna jólapakkana.

Pálmi Gestsson

gerði til að mynda upp húsið sem ég fæddist í í Bolungarvík.

Spurður hvort hann sé vel búinn tækjum og tólum í smíðavinnunni segir Pálmi: „Ég á nokkur verkfæri heima en á meira fyrir vestan. Ég er að koma mér upp verkfærum sem nægja mér en hver veit nema að það bætist eitthvað í safnið þegar ég opna jólapakkana. Verkfæri eru helstu jólagjafirnar sem ég óska mér ef einhver ætlar að gefa mér jólagjöf,“ segir Pálmi, og hlær.

Pálmi hefur nóg fyrir stafni í leiklistinni en það eru að nálgast 40 ár frá því hann varð fastráðinn við Þjóðleikhúsið. „Ég var að klára tókur í sjónvarpsseriunni Heima er best, sem Tinna Hrafnadóttir er að gera, og það er alltaf nóg að gera í þessum bransa.“ ■



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Virka daga 10-17
Laugardaga 11-15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

VESTFROST SOLUTIONS

Vínkælar

WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)

WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x 610 (+5 - +22°C)

WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x 595 x 573
(+5 - +10 / +10 - +18°C)

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Strömur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is

Næturbrot?

Glímir þú við tíð
þvaglát?



Er loft í maga og
meltingartruflanir
daglegir kvillar?

Hvönn er:

- Bakteríudrepandi,
- bólgueyðandi
- og styrkjandi



 **ICEHERBS**
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

Bílar & Farartæki



2022 ónotaður Ford Transit Edition Trend Langur. Stór litaskjár með bakkmyndavél. Metalic lakk. LED ljós ofl. ofl. Það er ólíklegt að við fáum fleiri svona bíla fyrir en um haustið 2023 en þennan eigum við til afhendingar strax! Verð: 5.980.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggitur málameistari. Löggitur málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogaliti.is malara@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLPAÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

vatnsvorn.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-17

Heilsuvörur



Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARDVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolliur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

INNFELLDIR LOFTVENTLAR



LOFTVENTLAR SEM FALLA INN Í GIFSPLÖTUR



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



vs



UPPSELT
ER Á LEIKINN

DAGSKRÁ

17:15 FJÓSIÐ OPNAR

KALDUR Á KRANA, HAMBORGARAR & BRATWURST

18:15 HÚSIÐ OPNAR FYRIR ÁHORFENDUM ÁSAMT VIP

19:30 ÁHORFENDUR MÆTA Í SALINN (PRE-GAME SHOW)

DANSATRÍÐI FRÁ DANS BRYNJU PÉTURS

19:45 VALUR – FLENSBURG

FYRIR
Börnin

LOLLASTÚKA

18:15 BARNAPÖSSUN & ANDLITSMÁLNING

19:00 LALLI TÖFRAMAÐUR Í LOLLASTÚKU

FRÍTT CORNY Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Sixt styður Val

SIXT
rent a car



Vertu í sigurliðinu!

(Hjá Sixt langtímaleigu ert þú alltaf í fyrsta sæti)

Merkisatburðir

- 1700** Svíar vinna sigur á Rússum í orrustunni við Narva í Eistlandi.
- 1763** Vígð er dómkirkja á Hólum í Hjaltadal, sú sem enn stendur þar. Hún var byggð fyrir norskt og danskt gjafafé.
- 1772** Tveir bæir á Látraströnd verða fyrir snjóflóði. Fjórir menn fórust og einum manni var bjargað úr flóðinu eftir tíu daga.
- 1945** Nürnberg-réttarhöldin hefjast í Þýskalandi.
- 1947** Elísabet krónprinsessa af Bretlandi gengur að eiga Filippus prins af Grikklandi.
- 1985** Stýrikerfið Windows 1.0 kemur út.
- 2013** Magnús Carlsen verður heimsmeistari í skák, 22 ára gamall, með sigri sínum gegn Viswanathan Anand. ■



Fráveitumál eru Guðjóni hugleikin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gengið um sögu slóðir skólpsins

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur leiðir sögugöngu um slóðir reykvískrar skólpsögu í dag.

arnartomas@frettabladid.is

Frá skítalækjum til fráveitu og lýðheilsu, er skemmtilegt yfirheiti sögugöngu sem Veitur bjóða til um miðbæ Reykjavíkur í dag. Þar mun Guðjón Friðriksson sagnfræðingur rekja skólpsögu Reykjavíkur og nærliggjandi sveitarfélaga á meðan gengið er eftir fornfrægum sögu slóðum fráveitunnar. „Ég skrifaði bók sem heitir Cloacina – Saga fráveitu, sem kom út í fyrra og fjallar um fráveitumál í Reykjavík og sveitarfélögum nágrennisins,“ segir Guðjón. „Þar er rakin sagan af því þegar í Reykjavík voru opin ræsi á götunum og mikill sóðaskapur og svo aðeins um það hvernig hin mikilvæga fráveita kemst á.“

Guðjón segir að fráveitan sé ekki síður mikilvægur hluti innviða borgarinnar en heilbrigðiskerfið, rafmagnið eða hitaveitan svo að dæmi séu tekin.

„Hún er bara svo falin því hún er öll annað hvort neðanjarðar eða neðansjávar svo fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir umfangi hennar og hvað hún er mikilvæg,“ segir hann.

Gangan í dag hefst þar sem fyrsta holræsið var lagt við Landakotsspítala niður í sjó árið 1902. Þaðan verður gengið um bæinn áður en endað verður í Ráðhúsinu.

„Skólpsaga er skemmtilegt orð en þetta er líka sagan af fráveitu á yfirborðsvatni, sem kemur í veg fyrir að það flæði inn í hús og svo framvegis þegar það eru leysingar og rigning,“ útskýrir Guðjón.

Á langri sögu fráveitunnar í höfuðborginni segir Guðjón að mörg kaflaskil hafi orðið.

„Ein þau helstu urðu þegar ákveðið



Málverk franska malarans Mayers af Aðalstræti árið 1836.

MYND/ AÐSEND



Ræsisgyðjan

Í rómverskri goðafræði ríkti gyðjan Cloacina yfir aðalholræsi Rómurborgar, Cloaca Maxima. Cloacina var verndargyðja holræsa, sem kann í fyrstu að hljóma sem óspennandi titill en varpar ljósi á þá virðingu sem Rómverjar báru fyrir fráveitumálum.

Holræsið Cloaca Maxima er eitt elsta holræsi heims, annað hvort byggt á tímum konungsveldis Rómar eða snemma á rómverska lýðveldistímanum. Frárennsli holræsisins rann út í ána Tiber sem rann við borgina. Holræsið var mikið notað í gegnum aldirnar og lifði Rómaveldið sjálft af. Sumir hlutar fráveitunnar eru meira að segja notaðir enn þann dag í dag.



Skólpsaga er skemmtilegt orð en þetta er líka sagan af fráveitu á yfirborðsvatni.

var að leggja endanlega holræsi um allan bæinn, 1911,“ segir hann. Þá var lagður á sérstakur skattur til að það yrði framkvæmt. Þetta kom ekki ofan frá því íbúarnir voru farnir að skora á bæjarstjórn að leggja holræsi í götur og buðust til að borga á móti. Önnur merk kaflaskil urðu svo á árunum 1986 til 2005 þegar hætt var að veita skólpinu í fjörunnar og það leitt langt á haf út eftir að fara í gegnum hreinsunarstöðvar.“

Gangan í dag hefst klukkan 17 þar sem nokkur eintök af bókinni verða gefin. Einnig er hægt að nálgast bókina ókeypis á heimasíðu Veitna. ■

Þetta gerðist: 22. nóvember 1968

Ítlarnir senda frá sér Hvíta albúmið

Þann 22. nóvember 1968 sendu Ítlarnir frá sér sína níundu breiðskífu sem heitir einfaldlega Ítlarnir. Platan hefur síðan þá almennt verið kölluð Hvíta albúmið því umslagið utan um plötuna er alveg hvítt og nafn hljómsveitarinnar þrykkt inn en ekki litað.

Platan var að stórum hluta samin á Indlandi þar sem hljómsveitin ferðaðist með gúrúinum Maharishi Mahesh Yogi og lærði með honum hugleiðslu. „Burt séð frá því hvað ég átti að vera að gera þá skrifaði ég nokkur af mínum bestu lögum þar,“

The BEATLES

rifaði John Lennon síðar upp. Margir telja plötuna marka ákveðin tímamót fyrir Ítlana þar sem hver meðlimur sveitarinnar hóf í auknum mæli að vinna að sínum eigin persónulega stíl og aðgreina sig frá heildinni. Til að mynda yfirgaf Ringo Starr hljóðverið á einum tímupunkti og sagðist vera hættur í sveitinni en sneri aftur tveimur vikum síðar.

Hvíta albúmið fékk alla jafna góða dóma þegar það var gefið út og er enn í dag talið af mörgum vera ein af bestu plötum Ítlanna. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Svava Ásdís Davíðsdóttir** Dyrhómrúm 10, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk miðvikudaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.

Inga Jóna Þórsdóttir
Guðrún Þórsdóttir
Þór Matthíasson
Sara Matthíasdóttir
Hera Matthíasdóttir

Matthías Árni Jóhannsson
Jennifer McTiernan
Pálmar Sigurðsson

barnabarnabörn



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **S. Ómar Hauksson** Hólavegi 41, Siglufirði,

lést á HSN Siglufirði, mánudaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00. Útförinni verður jafnframt streymt.

Haukur Ómarsson
Rósa Dögg Ómarsdóttir
Jónas Logi Ómarsson
Eva Björk Ómarsdóttir

Rósa Aðalheiður Magnúsdóttir
Solveig Ólóf Magnúsdóttir
Róbert Jóhann Haraldsson
Ester Torfadóttir

barnabörn og barnabarnabarn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði




Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ORMSSON

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



AEG



30%
AFSLÁTTUR

AEG ÞURRKARI
T6DEL821G 8KG
90.993 kr. -129.990 kr.

SAMSUNG



-180.000
kr.

SAMSUNG SJÓNVARP 65
QD-OLED S95B 2022
369.990 kr. -549.990 kr.

SAMSUNG



30%
AFSLÁTTUR

SAMSUNG JETBOT 80
69.993 kr. -99.990 kr.

Airforce



50%
AFSLÁTTUR

AIRFORCE EYJUHÁFUR
BOWL SVARTUR
74.995 kr. -149.990 kr.

21.–28. NÓVEMBER

ormsson.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er þáttaröð um fjölbætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 09.10 Leiðin á HM** Argentína og Portúgal.
- 09.40 HM upphitun**
- 09.50 Argentína - Sáði-Arabía** Bein útsending.
- 12.00 Leiðin á HM** Danmörk og Túnis.
- 12.30 HM stofan**
- 12.50 Danmörk - Túnis** Bein útsending.
- 14.50 HM stofan**
- 15.15 Leiðin á HM - liðin** Pólland.
- 15.30 HM stofan**
- 15.50 Mexíkó - Pólland** Bein útsending.
- 17.50 HM stofan**
- 18.10 Reikistjórnurnar í hnotskurn**
- 18.15 KrakkaRÚV**
- 18.16 Tilraunastofan**
- 18.38 Bitið, brennt og stungið**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins** Birnir - Óviti/Slæmir ávanar (ft. Krabba Mane).
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kostnaðarsöm krabbameinsmeðferð** Heilbrigðis-yfirvöld í Bretlandi eru byrjuð að beita hátæknilegri en rándýrri aðferð með röt-eindargeislum í baráttunni gegn krabbameini.
- 21.00 Draugagangur Ghosts**
- 21.30 Hljómsveitin Orkestret**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Ummerki Traces**
- 23.05 HM kvöld**
- 23.50 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil**
- 12.40 The Late Late Show**
- 13.25 Love Island Australia**
- 14.25 Survivor**
- 15.10 The Block**
- 16.10 Venjulegt fólk**
- 17.00 90210**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Love Island Australia**
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 CSI. Vegas**
- 21.50 4400**
- 22.35 Joe Pickett** Í stórkostlegri náttúruferð Wyoming ríkis er að finna smábæ sem geymir óhugguleg leyndarmál.
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.30 Law and Order. Special Victims Unit**
- 00.30 Love Island Australia**
- 01.45 Chicago Med**
- 02.30 New Amsterdam**
- 03.15 Super Pumped**
- 04.15 Guilty Party**
- 04.45 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.30 The Mentalist**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 09.55 Impractical Jokers**
- 10.15 Conversations with Friends**
- 10.45 30 Rock**
- 11.05 Eldhúsið hans Eypórs**
- 11.30 The Great British Bake Off**
- 12.25 Nágrannar**
- 12.45 B Positive**
- 13.10 Manifest**
- 13.50 Wipeout**
- 14.30 Supergirl**
- 15.10 Listing Impossible**
- 15.50 Vitsmunaverur**
- 16.25 The Masked Singer**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 17.55 Nágrannar**
- 18.20 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.55 Inside the Zoo** Heimildarþættir þar sem við fáum að kynna dýrum og umsjónarmönnum í dýragarðinum í Edinborg og Highland Wildlife Park.
- 20.55 Masterchef USA**
- 21.35 S.W.A.T.**
- 22.15 Last Week Tonight**
- 22.50 Monarch**
- 23.30 We Are Who We Are**
- 00.25 We Are Who We Are**
- 01.15 Unforgettable**

Messi mætir til leiks á Heimsmeistaramótið í Katarr

Heimsmeistaramótið í fótbolta heldur áfram í dag með fjórum leikjum. Í fyrsta leik dagsins mætir sjálfur Lionel Messi til leiks með Argentínu en liðinu er spáð góðu gengi. Liðið mætir Sáði Arabíu klukkan 10. Christian Eriksen og Danir mæta Túnis í hádegisleiknum og Mexíkó tekur á móti Póllandi síðdegis. Loka-leikurinn er viðureign núverandi meistara Frakka og Ástrala. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 bandhönk
5 tré
6 íþróttafélag
8 salta
10 átt
11 umbúðir
12 högg
13 kvk. nafn
15 vagg
17 guma

LÓÐRÉTT

- 1 refsingar
2 þolinmæði
3 atvikast
4 baka til
7 álandsvindur
9 altan
12 eingöngu
14 blundur
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 hespa, 5 eik, 6 fh, 8 fresta, 10 na, 11 varf, 12 bang, 13 hefndar, 2 eira, 3 ske, 4 aftan, 7 haf. LÓÐRÉTT: 1 héra, 2 eira, 3 ske, 4 aftan, 7 haf. gola, 9 svallir, 12 bara, 14 mök, 16 ll.

Sudoku

	5	6		1		7		
			1		6	5	8	3
8	9						2	6
9		7	6					8
	8	4		2			3	
3			1					
6		5			1		9	
	2		9			4		
				4				

								9
		8			2	5		3
2	4			8				
	9		4		3	7		
7					1		2	
8		4						
	6				7		3	
				2	1			4
9								7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus




DÁSAMLEGA SKEMMTILEG

Falleg saga fyrir yngstu bókaormana eftir þær Margréti Tryggvadóttir og Önnu C. Leplar.

„... augljóst að börn tengja við hana og hún verður fljótt að sögu sem er lesin endurtekið.“

KRISTÍN LILJA / BOKMENNTABORGIN.IS



Arnaldur í Kyrrþey

BÆKUR

Kyrrþey

Arnaldur Indriðason

Útgefandi: Vaka-Helgafell

Fjöldi síðna: 283

Brynhildur Björnsdóttir

Í Kyrrþey er eftirlaunalögreglu- maðurinn Konráð enn að velta fyrir sér hver drap föður hans. Hann kemst á snöðir um lög- reglurannsókn á gamalli byssu sem virðist hafa verið notuð til að drepa ungan mann á sjöunda ára- tugnum og fer sjálfur að rannsaka málið sem, ekki ósvipað og í síð-ustu bók, reynist tengjast honum sjálfum og hans fortíð. Í framhaldi af því rifjast upp fortíð hans í lögg- unni, hvernig reynt var á heidar- leika hans og hvernig gamall félagi reyndist ekki allur þar sem hann var séður.

Höfundareinkenni Arnaldar eins og tíðaranda- og staðarlýsingar bregðast ekki frekar en fyrri dag- inn og bókin er að vanda skrifuð á einstaklega fallegri og rikulegri íslensku. Umfjöllunarefni eru dimm, barnamisnotkun og for- dómar gegn samkynhneigðum auk þess sem nemesis Konráðs, siðblindi og glæpahneigði læknir- inn Gústav, kemur við sögu. Og auðvitað er morðið á Seppa föður Konráðs enn óleyst.

Langdregin og ruglingsleg

Kyrrþey er svo til beint framhald af Þagnarmúr sem kom út fyrir tveimur árum og lesendur sem ekki muna nákvæmlega plottið í þeirri bók eða lásu hana ekki eða hinar bækurnar um Konráð vantar heil- mikla baksögu. Aðdáendur Kon- ráðs fá hins vegar góðan skammt af þráðafestingum og skýringum.

Frásögnin er oft langdregin og ruglingsleg og stundum fær lesand- inn á tilfinninguna að meira hafi verið lagt upp úr því að bókin væri



Kyrrþey er 26. bók spennusagnahöfundarins Arnaldar Indriðasonar en ekki hans besta bók að mati gagnrýnanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

nógu löng en að innihaldið héldi. Sérkennilegt og frekar ómarkvisst daður við handanheima virkar svo- litið út úr kú og hefði alveg mátt missa sín, verður reyndar tilefni til ansi grafískra óhugnaðarlýsinga sem kannski hefðu bara átt að fá sérstaka bók.

Rígheldur ekki lesanda

Kyrrþey er ekki besta bók Arnaldar Indriðasonar. Sagan er vissulega ekki fyrir- sjáanleg og plottið er vel ofið en það er ekki alveg nógu áhuga- vert til að ríghalda lesandanum. Kon- ráð og félagi vantar einhvern sjarma og tenginguna við lesandann sem Erlendur og starfs- lið hans hafði og varð til þess að lesandinn fyrirgaf plottgöt og persónuleiðindi fyrir fréttir af gömlum góðkunningjum.


Sagan flakkar milli þriggja tíma- plana og stundum þarf að fletta

fram og til baka til að finna hver er hver og hvað er að gerast, gríðar- margar og misminnisstaðar per- sónur eru kynntar til sögunnar þó höfundurinn gefi þeim reyndar íðulega óalgeng nöfn svo þær festist betur í minni.

Arnaldur Indriðason er frábær

rithöfundur, um það þarf enginn að efast. En ekki allar bækur bestu rithöf- unda geta verið bestu bækur þeirra. Stundum má velta fyrir sér hvort frábærir höfundar þurfi endilega að koma með bók á hverju ári, hvort þeim sé stundum meiri greiði gerður með því að hvilast eina vertíð og koma svo filefldir inn á næsta ári. En eins og ein-

hver sagði þá þarf fólkið sinn Arnald og það fær hann í ár sem endranær. ■



„Silja þýðir þetta mjög fallega og skemmtilega ... strax orðin ein af mínum uppáhaldsbókum fyrir þessi jól.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN



Þjóðleikhúsið óskar eftir nýjum leikverkum og hugmyndum til að setja á svið í leikhúsinu.

MYND/ADSEND

Opið kall hjá Þjóðleikhúsinu

tsh@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið auglýsir eftir nýjum leikverkum til þróunar innan leik- hússins, fullbúnum verkum sem og vel útfærðum hugmyndum. Í til- kynningu kemur fram að Þjóðleik- húsið vilji „efla leikritun á Íslandi og segja sögur sem eiga brynt erindi við okkur“. Í þetta sinn er sérstaklega leitað að verkum sem endurspeglar fjölbreytileika íslensks samfélags í umfjöllunarefni, vinnslu verkanna og meðal höfunda. Þó er tekið fram að það útlöki ekki á neinn hátt önnur verk eða hugmyndir.

„Þjóðleikhúsið stendur fyrir

öflugu höfundastarfi með það að markmiði að efla leikritun á Íslandi og finna verðug verkefni sem eiga erindi við íslenska áhorfendur. Við tökum til skoðunar hugmyndir og handrit á öllum vinnslustigum og vinnum markvisst með leik- skáldum frá fyrstu hugmynd til full- búinna verka,“ segir í tilkynningu.

Þjóðleikhúsið hefur áður aug- lýst eftir nýjum verkum, fyrst barnaleikritum, þá leikritum fyrir Hádegisleikhús Þjóðleikhússins og loks verkum þar sem áherslan var á frumsamin leikverk eftir konur og verk sem fjölluðu að einhverju leyti um fjölbreytileika og fjölmenningu.

Að sögn Leikhússins hafa viðbrögð- in verið afar sterk og þegar hafa nokkur leikrit sem bárust verið sett upp, auk þess sem fleiri eru í þróun innan leikhússins.

Óskað er eftir handritum í fullri lengd eða vel útfærðum hugmynd- um með sýnishorni af leiktexta. Stutt lýsing á verkinu skal fylgja, þar sem kemur fram fjöldi persóna, atburðarás verks og ætlunarverk höfundar. Einnig skal fylgja stutt ferilskrá höfundar og eru höfundar af öllum kynjum og ólíkum upp- runa hvattir til að senda inn verk. Nánari upplýsingar má finna á vef þjóðleikhússins. ■



Aðgát og örlyndi er ný þýðing á einni vinsælustu bók Jane Austen, *Sense and Sensibility*. Silja Aðalsteinsdóttir þýðir og skrifar eftirmála.



Innbundin



Rafbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Um ástina á Íslandi og plötu með Dave Gahan

Svissneski pródúserinn Kurt Uenala hefur unnið með Depeche Mode, Erasure, The Kills, Moby, Yelle og fleirum. Hann er búsettur hér á landi ásamt íslenskri eiginkonu sinni og barni, og gefur út nýja plötu í næsta mánuði með Dave Gahan úr Depeche Mode.

ninarichter@frettabladid.is

Í húsnæði Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði er hljóðver sem Kurt Uenala á og rekur. Sannkölluð örlagasaga leiddi Grammy-tilnefnda pródúserinn, forritarann og lagahöfundinn Kurt til Íslands, þegar ástin bankaði að dyrum fyrir nokkrum árum. Áður bjó Kurt í New York og vann þar með mörgum af þekktustu tónlistarmönnum heims auk þess að sinna sólóverkefnum Null & Void. „Ég byrjaði að vinna með þeim árið 2005,“ segir Kurt um samstarf hans og Dave Gahan, söngvara Depeche Mode. „Við ferðumst mikið og rákum saman stúdíó í New York þangað til ég flutti til Íslands,“ segir hann.

Með glósubók við gluggann

Kurt lýsir því að hann og Dave Gahan hafi verið fastir heima hvor í sínu landinu í heimsfaraldrinum, en spjallað á hálfsmánaðar fresti. Þá var Kurt fluttur til Íslands og Dave búsettur í New York. „Ég fór að rifja upp að þegar við vorum að ferðast saman, þá sat hann einn með glósubók í kjöltunni og horfði út um gluggann.“ Kurt segist ekki hafa viljað hnýsast á þeim tíma, en

Jesús sagði:

„Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða.“

Matt. 7.7

biblian.is

á endanum hafi forvitnin bugað hann. „Hann sagðist vera að rita hugmyndir og bara svona það sem honum datt í hug, ekkert markvisst.“

Í heimsfaraldrinum kom Kurt svo í hug að biðja Dave að senda sér einhverja texta, upplesna. „Ég elska svona talaða kafla í tónlist. Oft þegar ég horfi á kvikmyndir enda ég á að hlusta bara á hljóðrásina og fylgist þannig með og það er mjög ánægjulegt þegar hljóðmyndin er góð,“ segir hann um fræið sem varð að samstarfsverkefninu.

Dave tók upp fyrstu lesnu kaflana í bílnum sínum, fyrir utan heimili sitt á Long Island. „Ég spilaði það í stúdíóinu og lék synthatónlist yfir. Ég tók upp helling af efni og klippti það svo bara niður í framhaldinu,“ segir Kurt. „Mér finnst það betra verklag en að vera að hlaupa fram og til baka í tölvuna, sem rífur mann úr flæðinu. Maður er heldur ekki í neinum vandræðum með stærðir á hörðum diskum í dag, þannig að maður nýtir bara tækifærið.“


Kurt útskýrir að þannig hafi fyrsta lagið orðið til. „Ég sendi það svo til baka og Dave elskaði það. Þetta var samt frekar ómarkvisst framleiðsla, við stefndum ekkert endilega á útgáfu en gerðum þetta bara svona þegar við höfðum tíma,“ segir hann.

Afraksturinn er fimm laga plata sem kemur út þann 16. desember. Fyrsta lagið er nú þegar komið út.

Kannski algjör vonbrigði

Kurt segir þá Dave vera mjög meðvitaða um að kannski vilji ekki margir hlusta á söngvara Depeche Mode tala inn á upptöku, í stað þess að syngja. „Kannski finnst fólki það algjör vonbrigði,“ segir hann og hlær. „En mér finnst röddin hans hitta einhverja taug innra með mér og kannski hittir hún taug hjá öðrum líka, þó að hann sé að tala en ekki að syngja. Þetta er ekki hljóðbók heldur svona milli tveggja heima,“ segir hann.

Efnistökin segir Kurt snúast um hugleiðingar Dave í heimsfaraldrinum. „Þessir textar voru skrifaðir í upphafi heimsfaraldurs og síðustu



Dave Gahan úr Depeche Mode les upp hugleiðingar sínar á nýju plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Kurt Uenala rekur hljóðver í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

tvö ár. New York var mjög dystópísk og það var samkomubann á götum sem alltaf höfðu verið þakkaðar af fólki. Hann lýsti þessu eins og kvikmyndasetti, þegar enginn var á götunum nema dúfurnar og rotturnar.“ Textar hins sextuga Dave fjalli einnig um fánleika lífsins og eitthvað um eftirsjána. „Hann er orðinn eldri og fólk í kringum hann farið að deyja, hann skrifaði líka um það.“

Aðdáandi Sykurmolanna

Kurt kom fyrst til Íslands árið 2006 sem ferðamaður. Hann segist alltaf hafa hrifist af Íslandi og verið einstaklega mikill aðdáandi Sykurmolanna. „Sykurmolarnir höfðu gríðarleg áhrif á mig. Ég startaði hér elektrónisku tónlistarverkefni og ári seinna var ég kominn aftur til Íslands að spila fyrir útvarpsþáttinn Partyzone sem þá var,“ segir Kurt. „Ég kom hingað tólf sinnum áður en ég flutti hingað.“

New York-borg varð í huga Kurt erfiður, dimmur og breyttur staður eftir að Donald Trump tók við forsetaembætti Bandaríkjanna í janúar 2017. „Það breytti borginni rosalega og listaheimurinn fór að snúast í auknum mæli um biðraðir og rauð flauelsreiði og fólk sem meinaði öðrum aðgang ef þeim leist ekki á andlitið á þeim. Manhattan og Williamsburg urðu leikvöllur fyrir ríka fólkið og nemendurna í New York-háskóla sem áttu ríka foreldra. Ég hafði þegar gert svo margt í New York og mig langaði að byrja upp á nýtt einhvers staðar, og ég ákvað að fara til Berlínar,“ segir Kurt.

Síðasta daginn í New York

Hann ákvað að fara til Seyðisfjarðar áður en af flutningunum til Þýskalands yrði, og sótti um í listamannadövl þar sem hann ætlaði að vinna að verkefni með laser-ljós og tónlist. „Síðasta daginn í New York fæ ég skilaboð frá íslenskri vinkonu minni sem ég kynntist fjórum árum áður. Við höfðum alltaf talað um að hittast aftur en tímasetningin var aldrei nógu góð. Hún vann sem flugfreyja og sagði mér að hún væri stödd í New York í eina nótt, og spurði hvort mig langaði að hittast í kaffi,“ segir hann. „Þetta var framtíðareignikona mín og við eyddum nóttinni saman. Tímasetningin var eins og í bíómynd.“

Í dag rekur Kurt hljóðver í Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði, sinnir tónlistartengdum verkefnum og kennir hljóðvinnslu og hljóðhönnun við Listaháskóla Íslands. „Ég er að vinna með John Grant að nýju plötunni hans núna. Hann er svona synthbrjálæðingur eins og ég,“ segir Kurt Uenala. ■



AVATAR
THE WAY OF WATER

KEMUR Í BÍÓ 16. DESEMBER
FORSALA HAFIN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

Verið velkomin á Matvælaþing 2022

Silfurbergi, Hörpu 22. nóvember



08:45 **Silfurberg opnar** - *Léttar veitingar*

09:15 **Brynja Þorgeirsdóttir**
- *Fundarstjóri setur Matvælaþing*

09:20 **Svandís Svavarsdóttir** - *Matvælaráðherra
kynnir drög að matvælastefnu fyrir Ísland*

09:45 **Pete Ritchie** - *Matvælastefna Skotlands:
Nourish Scotland*

10:15 **Mettir magar og heilbrigð jörð**
- *Pallborð um sjálfbæra matvælaframleiðslu*

10:40 **Bergur Ebbi** - *Matvæli og sjálfsmynd*

10:50 **Kaffihlé**

11:05 **Nóg til og meira frammi**
- *Pallborð um fæðuöryggi*

11:30 **Afgangar í forgang**
- *Pallborð um fullnýtingu afurða*

11:55 **Hádegisverður**

13:00 **Berum björg í þjóðarbú**
- *Pallborð um samfélagið*

13:35 **Bergur Ebbi**
- *Matvælaframleiðsla framtíðar*

14:00 **Höldum maðkinum úr mysunni**
- *Pallborð um matvælaöryggi*

14:10 **Olga Trofimsteva** - *Fyrrum landbúnaðar-
ráðherra Úkraínu*

14:40 **Grunnþarfir og sérþarfir**
- *Pallborð um neytendur*

15:05 **Hvað verður í matinn á morgun?**
- *Pallborð um framtíðina*

15:30 **Samantekt Svandísar Svavarsdóttur**
- *Matvælaráðherra*



Pete
Ritchie



Svandís
Svavarsdóttir



Olga
Trofimsteva

Skráning og beint streymi á matvaelathing.is

BLACK FRIDAY

20- 60%

AF ÖLLUM VÖRUM*

ALLA VIKUNA



**SMÁVÖRUPANTANIR YFIR
9.900 KR ERU SENDAR FRÍTT
TIL JÓLA Í PÓSTBOX OG
PAKKAPORT PÓSTSINS**

* Gildir ekki af littala, Bitz, Skovby né sérpöntunum



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Ofnæmið stuðar ekki Villa um of á Kattakaffihúsinu þar sem ítrasta hreinlætis er gætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Villi sigrast á ofnæminu í stafrænum kattarham

Villi Neto heldur uppi stemningunni á góðgerðarstreymi fyrir Kattholt á fimmtudaginn þrátt fyrir bullandi ofnæmi.

arnartomas@frettabladid.is

Á fimmtudagskvöld stendur Hringdu fyrir góðgerðarstreymi þar sem grínistinn Villi Neto mun bregða sér í stafrænan kattarham og spila tölvuleikinn Stray til styrktar Kattholti. Villi var vel á veg kominn með Grandiosa-pitsu þegar Fréttablaðið náði af honum tali.


„Hún Melína Kolka hjá Hringdu, sem stendur fyrir streyminu, bar þetta undir mig og ég var strax mjög til,“ segir Villi sem segist elska kisu. „Mér hefur þótt mjög gaman að streyma í þau skipti sem ég hef gert það. Það er samt leiðinlegt að stilla þessu upp sjálfur heima svo það er frábært að hafa svona umstang í kringum mig.“

Ást Villa á kisu er þó harmi blandin.

„Ég er með alveg bullandi ofnæmi svo ég get lítið gert fyrir þær nema með því að hjálpa í svona fjáröflun,“ segir Villi dapur í bragði.

Þú átt sem sagt auðveldara með pixlaðar kisu?

„Já, hundrað prósent!“



Stray hlaut góða dóma kattar- og tölvuleikjafólks.

Kattholtin tvö

Það ætlaði allt um koll að keyra í leikjasamfélaginu þegar Stray kom á markaðinn enda eru kisuhermar einstaklega vanræktur markaður. Leikurinn hefur fengið góða dóma en í honum bregður leikmaðurinn sér í hlutverk villikattar í framtíðardystópi þar sem stafræna byltingin hefur mögulega náð aðeins of langt.

„Ég hef haft auga á honum í einhvern tíma en hef ekki prófað hann enn þá svo það er gaman að fara í hann alveg blindandi,“ segir Villi klár í slaginn fyrir morgundaginn. „Ég fylgdist með honum á Twitter

þegar hann kom þangað fyrst svo ég veit kannski aðeins hvað er í gangi en samt ekki.“

Villi er sjálfur leikjakall en hefur ekki náð að sinna dellunni sem skyldi.

„Ég var að kaupa hús svo maður getur ekki beint verið að splæsa í PS5,“ útskýrir hann. „Síðasti leikurinn sem ég spilaði eitthvað af viti var Red Dead Redemption 2 sem er auðvitað alveg geggjaður. Ef ég fæ mér Playstation dett ég ábyggilega inn í FIFA og Rocket League – ég elska boltaleiki eins og alveg týpiskur gaur.“

Dagskráin á fimmtudaginn hefst klukkan 18 þar sem kynnar kvöldssins verða með Pub Quiz áður en Villi bregður sér í gervi kattarins. Á eftir honum munu stelpurnar í rafíþróttaliðinu Kröflu halda streyminu áfram með partileikjunum Overcooked og Jackbox.

„Það er fyndið að benda á að ég er sjálfur að vinna í Kattholti um helgar, í uppsetningunni á Emil í Kattholti,“ segir Villi og hlær. „Mér finnst annars gaman að sjá fólk styrkja þetta flotta starf sem Kattholt stendur fyrir og er spenntur fyrir því að fólk mæti í streymið og hafi gaman með mér.“

Streymið verður aðgengilegt á twitch.tv/hringdu. ■

Dularfullt eldsneyti Karls konungs

arnartomas@frettabladid.is

Fyrstu tveir þættirnir af Crown- varpinu, viðhafnarhlaðvarpi Fréttablaðsins um dramapáttaröðina The Crown frá Netflix, eru komnir á Spotify undir merkjum Bíovarpsins.

„Allir virðast vera helteknir af þessum Netflix-páttum um Elisabetu heitna drottningu og hennar fólk sem óneitanlega vekja forvitni og endalausar spurningar. Rétt eins og konungsfjölskyldan sjálf sem virðist vera nógu bragðgóð til þess að vera alltaf á milli tannanna á fólki,“ segir Þórarinn Þórarinsson blaðamaður á Fréttablaðinu. „Þannig að við töldum ekki annað



Imelda Staunton er hin nýja Elisabet.

MYND/SKJÁSKOT

hægt en að bryðja þessa fimmtu seríu inn að beini í sérstökum þáttum með aðstoð góðra og sérfróðra gesta,“ segir Þórarinn sem sér um hlaðvarpsþættina ásamt kollega

sínum Oddi Ævari Gunnarssyni.



Þegar hér er komið sögu er tiundi áratugurinn runninn upp og fjallað er um atburði sem eru mörgum enn í fersku minni þannig að hvergi skortir umræðuefnin og í fyrsta þætti er farið um víðan völl með enskukennaranum Guðnýju Ósk Laxdal, sem heldur úti Instagram-síðunni Royallcelder og er flestum hér á landi fróðari um málefni krúnunnar.

Þórarinn segir þau meðal annars ræða það sem hann kallar vandaða raunveruleikafölsun þáttanna. „Og síðan upplýsir Guðný Ósk hvaða sérkennilega eldsneyti umhverfisvænn Aston Martin konungsins gengur fyrir.“ ■

MILAN KUNDERA

SVIKIN VIÐ ERFÐASKRÁRNAR

„Snilldarverk.“
Independent



Frumleg og ögrandi ritgerð eftir einn af meisturum tuttugustu aldar bókmennta. Segja má að tónlistin og skáldsagan séu meginviðfangsefni bókarinnar. Kundera stendur ástríðufullan vörð um siðferðilegan rétt listamannsins og þá virðingu sem honum og list hans ber að sýna. Svikin við listina og mennskuna er ein af lykilhugmyndum á bak við þessa faguðu en fjörlega skrifuðu bók.

Friðrik Rafnsson þýddi og hefur með þessari bók náð þeim merka áfanga að hafa íslenskað allt höfundarverk **Milans Kundera**.

Fyrir þessa bók hlaut höfundurinn **Prix Aujourd'hui verðlaunin** árið 1993 sem franskir menningarblaðamenn veita fyrir afburða umfjöllun um menningu og samfélag og árið 1996 hlaut hann Verðlaun samtaka bandarískra tónskálda, **ASCAP-Deems Taylor-verðlaunin** fyrir áhugaverða og frumlega umfjöllun um tónlist.



Ugla



Bakþankar

Péturs Georgs
Markan

Þung högg

Hann er skarpleitur og fríður þar sem hann situr til hliðar við aðra gesti safnaðarheimilisins í Breiðholti kirkju og spilar á pianó. Tónarnir mynda notalega stemmingu á meðan fólkið malar. Það fer ekki mikið fyrir honum en umhverfið er einhvern veginn allt miklu betra á meðan hann spilar – á meðan hann er. Partur af samfélagi, hluti af veröld, eitt mikilvægt þúsl í undramynd mannsins. Gefur af sér.

Við náum spjalli þegar við erum báðir að sækja okkur kaffi. Ég ávarpa hann á ensku og spyr hvort hann spili mikið tónlist – hann svarar mér á íslensku og við ræðum um þetta sameiginlega áhugamál okkar. Hann kom fyrir rúmum tveimur árum, fékk tungumálið á heilann og las íslensku upp á hvern dag, talaði og hlustaði. Fékk vinnu við umönnun á hjúkrunarheimili og leið vel í samfélagi við gamla fólkið – spjallaði, þjónustaði og studdi, og treysti þannig íslensku og upplifði í leiðinni öryggi og frið. Tilgang. Gaf af sér í starf sem annars erfiðlega gengur að manna. Lítils metið láglanastarf í veröld sumra en lífsgjöf og erindi dagsins í hans hjarta. Vinnur, borgar til samneyslunnar og rækir þannig samabyrgðina – manna mikilvægan póst, annars ómannaðan póst.

Nú hefur umsókn hans verið hafnað og hann bíður kvíðinn eftir nokkrum þungum höggum á dyrnar. Líðsafnaður fyrir utan og háu ljósin blinda. Vísað úr landi til Grikklands.

Forsætisráðherra talar um í helgarumræðunni að það þurfi að auðvelda fólki utan EES að koma inn á vinnumarkaðinn. Það er rétt hjá henni og þess eru fordæmi hjá öðrum EES-þjóðum. ■

LÆGSTA

VERÐIÐ

Í REYKJAVÍK

ER Á BÚSTAÐAVEGI

SVARTUR
FÖSTUDAGUR

ÚT NÓVEMBER

10%

AF ÖLLUM
VÖRUM

30-50%

AF VÖLDUM
VÖRUM

25%

AF VANDYCK
& BRINKHOUSE
MJÚKVÖRU

50%

AF ÖLLU
Í OUTLETI

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNESI 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIN - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.isUM FJÓRÐUNGUR LANDS-
MANNA SEFUR Á DÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.